




ÁRSSKÝRSLA BFSÍ 2024



**bogfimisamband
íslands**

Efnisyfirlit

FORMÁLI	2
STJÓRNUN	3
AÐILDARFÉLÖG	3
STJÓRNARFUNDIR.....	4
REGLUGERÐIR, STEFNUR OG SKIPULAG BFSÍ	4
MANNAUÐUR.....	4
INNLEND SAMSKIPTI.....	5
ALPJÓÐLEG SAMSKIPTI	6
ÍÞRÓTTAFÓLK ÁRSINS	7
ÚTBREIÐSLA OG FRÆÐSLA	9
IÐKENDUR.....	10
ÞJÁLFAVARAR.....	12
DÓMARAR	12
MENNTUN	12
MIÐLAR.....	13
ÖNNUR ÚTBREIÐSLU OG FRÆÐSLU VERKEFNI	16
MÓT	21
MÓTATÖLFRÆÐI	22
ÍSLANDSMÓT BFSÍ	23
ÍSLANDSMEISTARAMÓT	25
ÍMU OG ÍMÖ	26
BIKARMÓTARAÐIR BFSÍ	27
UNGMENNAEILD BFSÍ - VERTU MEMM!!.....	28
ÖNNUR MÓT	28
AFREKSSTARF	29
A LANDSLIÐSVERKEFNI (HM/EM/ÓL/EL/HL MEISTARA FLOKKUR/FULLORÐINNA)	31
ÖNNUR LANDSLIÐSVERKEFNI FULLORÐINNA (B/C)	32
UNGMENNA LANDSLIÐSVERKEFNI (B/C).....	33
WORLD SERIES	35
HÆFILEIKAMÓTUN.....	36
HEILBRIGÐISTEYMI.....	36
MENNTUN/ENDURMENNTUN AFREKSPJÁLFAVARA	37
ALPJÓÐLEGIR DÓMARAR.....	37
AFREKSSTEFNA OG AÐGERÐAÁÆTLUN	38
ÁRANGUR Í LANDSLIÐSVERKEFNUM	39
<i>Keppendur/lið í topp 16 í A landsliðsverkefnum í meistaraflokki (HM/EM/ÓL/EL) 2021-2024</i>	40
<i>Keppendur/lið í 17-32 sæti í A landsliðsverkefnum í meistaraflokki (HM/EM/ÓL/EL) 2021-2024</i>	41
<i>Keppendur/lið í topp 16 í A landsliðsverkefna í U-flokkum (HMU/EMU/ÓLU/ELU) 2021-2024</i>	42
AFREKSLISTAR.....	43
ÝMIS TÖLFRÆÐI	43

Formáli

Staða BFSÍ er sterk og er það komið vel á veg í þróun þrátt fyrir ungan aldur. Ástæða þess er að hluta til margra ára undirbúningur að stofnun sambandsins og vegna mikillar virkni lykil stjórnarmanna og starfsmanna í sínum störfum, sem þau hafa sinnt af þryði.

Markmið ársskýrslunnar er að gefa grófa yfirsýn yfir helstu verkefni BFSÍ á árinu og upplýsingar um tölfræði íþróttarinnar. Ársskýrslan ætti því vonandi að gefa þeim sem hana lesa gott yfirlit á stöðu BFSÍ.

Markmiðið er að reyna að halda ársskýrslunni stuttri í texta og auka myndrænni framsetningu. Til þess þarf að stikla á stóru og ekki farið djúpt í umfjöllun hvers liðs. En oftast eru hlekkir í ársskýrslunni sem vísa á fréttir með nánari upplýsingum á bogfimi.is eða archery.is fyrir þá lesendur sem vilja. Þar hefur starfsfólk BFSÍ verið iðið við að birta ítarlegar fréttir um flest verkefni ársins. BFSÍ er sífellt að vinna að því að bæta upplýsinga miðlun um starfið. BFSÍ kom einnig mjög vel út í samfélagsmiðla skýrslum WA 2022-2023 þar sem BFSÍ var oftast en einu sinni á topp 10 lista þjóða.

Þetta var verðlauna uppskeru ár í afreksstarfi í bogfimi. Ísland vann sín fyrstu verðlaun á HM/EM á EM innandyra í Króatíu, bæði í meistaraflokki og U21. Ísland vann jafnmarga Norðurlandameistararitla einstaklinga og Finnland, Noregur og Færeyjar gerðu samanlagt á NM ungmenna. Fjöldi keppenda í landsliðsverkefnum BFSÍ jókst um rúmlega 20% og aldrei hafa verið fleiri keppendur sem unnu til verðlauna og/eða voru í úrslitum landsliðsverkefna.

Umfang fjármála BFSÍ hefur tvöfaldast á næstum hverju ári frá stofnun sambandsins, sem er hraður vöxtur á stuttum tíma. Huga þarf sérstaklega að því að spara og safna á næstu árum til að skapa veltusjóð m.a. til að taka á móti fjárhagslegum höggum sem sambandið gæti orðið fyrir eins og þegar EM 2023 innandyra var aflýst viku fyrir mót vegna



Guðmundur Örn Guðjónsson, formaður

hræðilegra jarðskjálfta sem urðu í Tyrklandi. Ljóst er að BFSÍ þarf að hafa burði til þess að geta tekist á við fjárhagsleg áföll vegna slíkra ófyrirséðra atburða..

Mannauður er ein mikilvægasta auðlind BFSÍ. Fjárfesting í mannauð með ráðningu starfsmanna, menntun og þjálfun þeirra er því eitt mikilvægasta verkefni sambandsins, sem mun stuðla að stöðugri uppbyggingu og þróun á öllu öðru starfi sambandsins og íþróttarinnar. Starfsfólk BFSÍ sinnir nú flestum verkum BFSÍ og er það mikill léttir á sjálfboðaliðum í íþróttinni.

Markmið BFSÍ er að vera fyrirmyndar sérsamband í alla staði bæði héraendis sem og erlendis. En verkefni við að viðhalda því sem er vel gert eru mörg, til viðbótar við að mörgu þarf að hlúa til að tryggja áframhaldandi vöxt og þróun.

Við viljum þakka aðildarfélögum BFSÍ, þjálfurum, iðkendum, keppendum, dómurum og sjálfboðaliðum fyrir uppskeru ríkt bogfimi ár og þann vöxt sem orðið hefur í íþróttinni. Einnig viljum við þakka ÍSÍ, World Archery, World Archery Europe og starfsmönnum þeirra fyrir mikla og mikilvæga aðstoð og samstarf á líðandi ári.

Með von um áframhaldandi samstarf, vöxt, þróun og útbreiðslu bogfimiþróttar.

F.h. stjórnar Bogfimisambands Íslands,
Guðmundur Örn Guðjónsson, formaður





Frá 55. heimsþingi alþjóðabogfimisambandsins World Archery í júlí 2023

STJÓRNUN

Í stjórn BFSÍ sitja:

- Guðmundur Örn Guðjónsson formaður
- Haraldur Gústafsson varaformaður
- Albert Ólafsson gjaldkeri
- Oliver Ormar Ingvarsson ritari
- Astrid Daxböck meðstjórnandi

Varamenn/skoðunarmenn eru:

- Guðbjörg Reynisdóttir varamaður 1
- Alfreð Birgisson varamaður 2
- Frost Ás Þórðarson varamaður 3
- Ólafur Gíslason skoðunarmaður
- Haukur Hallsteinsson skoðunarmaður

Stjórn var kosin á bogfimiþingi 2023 og skipti með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum 2023.

Aðildarfélög

Bogfimisamband Íslands (BFSÍ) er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga (Íþróttahéraða). Öll félög innan þeirra er iðka og keppa í bogfimiþróttum.

11 aðildarfélög í 10 íþróttahéruðum voru aðilar að BFSÍ á árinu. En virkni innan félagana er mjög mismunandi. Eitt nýtt aðildarfélag á Patreksfirði mun bætast á næstunni og vel hefur gengið að innleiða íþróttina á nýjum svæðum á árinu. Áhugi er til staðar á nokkrum öðrum svæðum á landinu þar sem starfsfólk BFSÍ er að aðstoða og ráðleggja þeim um næstu skref, en óljóst hvort að eitthvað verður úr eða ekki. Mikilvægt er að BFSÍ aðstoði ný aðildarfélög að halda uppi og þróa starfið, sérstaklega á svæðum þar sem lítil sem engin reynsla er til staðar í iðkun eða þjálfun bogfimiþróttar.

Bogfimifélagið Boginn	UMSK
Bogfimifélagið Hrói Höttur	ÍBH
Íþróttafélagið Akur	ÍBA
Langbogafélagið Freyja	ÍBR
Skotíþróttafélagið Dreki	ÚÍA
UMF Afturelding	UDN

Skotíþróttafélag Ísafjarðar	HSV
Skotíþróttafélagið Skyttur	HSK
Skotfélag Austurlands	ÚÍA
Ungmennafélagið Tindastóll	UMSS
Ungmennafélagið Efling	HSP

Stjórnarfundir

Fundargerðir stjórnarfunda er að finna á vefsíðu sambandsins. Fundir stjórnar hafa gengið vel. Lykil stjórnarmenn og starfsmenn eru mjög virkir í samskiptum og skipulagi á milli funda og því hafa fundirnir oftast farið í að færa til bókar þau atriði sem komu upp í vinnu á milli funda. Í stjórnendabjálfun ÍSÍ og Olympic Solidarity hefur einnig verið fjallað um neikvæð áhrif óþarfa fundarhalds á starfið, starfsmenn og stjórnarmenn. Stjórn BFSÍ hefur einbeitt sér að því að setja regluverk sambandsins upp á þann veg að sem sjaldnast þurfi að funda til að taka ákvarðanir um atriði sem er mögulegt að setja upp ferli fyrir í regluverki sambandsins. Starfsmenn BFSÍ geta þá framkvæmt slíkt án sérstaks fundarhalds þar sem ferlið við framkvæmdina hefur verið samþykkt af stjórninni í reglugerðum. Það sparar tíma, eykur gagnsæi, auðveldar vinnuna og skilar meiri afköstum.



Reglugerðir, stefnur og skipulag BFSÍ

Starfsfólk BFSÍ fer reglubundið yfir reglugerðir og stefnur sambandsins og leggur til uppfærslur fyrir stjórn BFSÍ í samræmi við þróun, breyttar áherslur, skýringa og vegna utanaðkomandi breytinga s.s. reglubreytinga heimsambandsins. Breytingar voru gerðar á nokkrum reglugerðum BFSÍ á árinu. Mögulegt er að finna allar gildar reglugerðir sambandsins ásamt hvenær þær voru síðast uppfærðar á vefsíðu sambandsins bogfimi.is.



Mannauður

Mannauður er mikilvægasta auðlind BFSÍ. Fjárfesting í mannaúð með ráðningu starfsmanna, menntun og þjálfun þeirra er því mikilvægt verkefni sem mun stuðla að uppbyggingu íþróttarinnar og sambandsins. Heildar starfshlutfall starfsmanna BFSÍ var 200% árið 2024. Markmiðið er að fjölga stöðugildum þegar fjárhagur BFSÍ getur borið slíkar viðbætur á ábyrgan veg. Mikilvægt er að læra af reynslu annara sérsambanda og bogfimilandsambanda og fela starfsmönnum að framkvæma stóran hluta vinnunnar í stað þess að byggja að stærstum hluta á vinnu sjálfbóðaliða. Mikilvægt er að létta á vinnu sjálfbóðaliða með góðu starfsmannahaldi svo að sjálfbóðaliðar séu ólíklegri til þess að brenna út og reynsla og þekking þeirra tapist síður úr íþróttinni.

Innlend samskipti

Formannafundur - apríl 2024

Formannafundur var haldinn í apríl í gegnum fjarfundabúnað. Mæting var góð. Ársreikningur og Ársskýrsla BFSÍ 2023 voru lagðar fyrir, ásamt því að óbreytt Afreksstefna, aðgerðaáætlun og heildarstefna voru kynntar. Fundurinn var stuttur þar sem að allir voru sáttir með skjölin. Þar sem að megin málum fundarins lauk snemma var hverju íþróttafélagi gefið tækifæri á því að segja frá sínu starfi og verkefnum innan sinna félaga.



Valgreiðslu aðildargjöld BFSÍ

Þetta er annað árið þar sem innheimt voru valgreiðslu aðildargjalda vegna 18 ára og eldri. Þessi innheimta var í samræmi við samþykkt bogfimiþings 2023. Aðstæður aðildarfélagar eru mismunandi því voru valgreiðslu aðildargjöld talin heppilegri kostur en skyldu aðildargjöld eins og eru hjá flestum landsamböndum í heiminum og hjá WA. BFSÍ áætla að sem flestir sjái sér hag á því að greiða gjöldin í framtíðinni til að standa undir starfi BFSÍ eins og ungmennalandsliðum, útbreiðslu, fræðslu o.fl. BFSÍ vill þakka sérstaklega þeim fjórum aðildarfélögum sem sáu sér fært að greiða aðildargjöld árið 2024 að hluta eða að fullu og taka þátt með þeim hætti þátt í uppbyggingu BFSÍ og íþróttarinnar: Bogfimifélagið Boginn 915.000.kr – Skotíþróttafélag Ísafjarðar 6.000.kr – Skotíþróttafélagið Dreki 3.000.kr – Skotíþróttafélagið Skyttur 15.000.kr



Annað

BFSÍ var í reglulegum samskiptum við aðildarfélög sín um ýmis mál á árinu. En samskipti voru mest við þau félög sem eru í uppbyggingu/innleiðingu, enda góður árangur af útbreiðslu verkefnum á árinu. Góðu samstarfi og samskiptum var viðhaldið á árinu við Íþróttasambands Fatlaðra (ÍF) í sameiginlegum verkefnum. Starfsmaður ÍF sagði á árinu að samstarfið milli ÍF og BFSÍ væri besta samstarf sem ÍF á við nokkuð sérsamband. Formaður BFSÍ hélt einnig uppi reglubundnum og opnum samskiptum við starfsfólk ÍSÍ.

Alþjóðleg samskipti

Heimssambandsfundir

Formaður og starfsmenn BFSÍ sátu mánaðarlega fundi með heimssambandinu WA á árinu. Einnig var öðrum aðilum boðin þátttaka á fundunum þegar að við átti (t.d. fulltrúi ÍF ef fundurinn varðaði málefni fatlaðra). Tilgangur fundanna er m.a. að miðla upplýsingum til landssambanda um málefni sem eru í gangi í íþróttinni og fræða samböndin um komandi verkefni, reglubreytingar, styrki o.fl.. BFSÍ er meðal virkustu landssambanda innan WA í þátttöku á fundunum. Ísland er einnig notað reglubundið sem dæmi fyrir aðrar þjóðir á fundunum.



Ársfundur World Archery Nordic (WAN)

Árlegur fundur bogfimisambanda Norðurlanda var haldinn í febrúar 2024. Fundurinn var haldinn í gegnum fjarfundabúnað. Guðmundur formaður og Valgerður starfsmaður BFSÍ sátu fundinn. Fundurinn var stuttur og að mestu bara eitt bitastætt mál á dagskrá. Aðlögun á keppnisfyrirkomulagi, aldursflokkum og fjarlægðum á NM ungmenna eftir að heimssambandið innleiddi viðmið fyrir U15 flokk. Ákveðið var að halda í U16 flokk á NUM í bili en fjarlægðum var breytt til að stemma við reglur WA. Með einni viðbót á „U21 Open“ flokki til að brúa fjarlægða bil fyrir sveigboga U16-U18 keppendur. Noregur hætti við hald fyrsta NM fullorðinna 2025, en íþróttastjóri BFSÍ hefur verið að ýta á eftir að taka það mót upp aftur og sú vegferð heldur því áfram.



Evrópuþing World Archery Europe (WAE)

19 Evrópuþing WAE var haldið í Essen Þýskalandi rétt fyrir EM utandyra. Guðmundur formaður sat þingið fyrir hönd BFSÍ. Kosið var í stjórn, nefndir og slíkt. Formaður BFSÍ fékk áskoranir um að setja framboð sitt fram af nokkrum þjóðum og Guðmundur endaði sem varamaður í stjórn WAE. Fá markverð mál eða reglubreytingar voru á dagskrá sem snerta BFSÍ eða íþróttaiðkun á Íslandi, en WAE samþykkti sína fyrstu heildarstefnu sem er óvenju vel rituð og gæti orðið sniðmát sem BFSÍ hefði áhuga á að fylgja. Slík þing eru ávallt góð tækifæri til að bæta samskipti milli landssambanda og stuðla að betri og frekari samvinnu.

Íþróttafólk ársins

Baldur Freyr Árnason úr Boganum og Guðbjörg Reynisdóttir úr Hróa Hetti voru valin íþróttafólk ársins hjá BFSÍ.



Baldur Freyr Árnason – Íþróttamaður ársins 2024

Þetta er í fyrsta sinn sem Baldur hreppir titilinn Íþróttamaður ársins hjá BFSÍ. Baldur var aðeins 15 ára í byrjun árs þegar hann vann fyrstu einstaklings verðlaun á EM U21 fyrir Ísland, brons í berboga karla U21. Ásamt því að taka fyrsta Evróputitil Íslands í liðakeppni með gull á sama EM. Á NM ungmenna síðar á árinu var Baldur óstöðvandi, efstur í undankeppni og vann alla sína leiki og Norðurlandatitilinn í U21 berboga. Hann setti einnig Norðurlandamet í U21 flokki, sló 6 ára gamalt Íslandsmet í meistaraflokki ásamt mörgu fleiru.

Guðbjörg Reynisdóttir – Íþróttakona ársins 2024

Þetta er í annað sinn sem Guðbjörg hreppir titilinn Íþróttakona ársins hjá BFSÍ. Guðbjörg var í 6 sæti í einstaklingskeppni í meistaraflokki á EM innandyra, ásamt því að keppa um brons í liðakeppni á sama EM. Það er ekki spurning um hvort Guðbjörg vinnur til verðlauna á EM, heldur hvenær. Guðbjörg vann Íslandsmeistaratitilinn utandyra 7 árið í röð og á lengstu óbrotnu sigurröð Íslandsmeistaratitla í sögu íþróttarinnar. Hún sló einnig Íslandsmetið í meistaraflokki ásamt mörgu fleiru.

Bogfimidólk ársins 2024 eftir keppnisgreinum

BFSÍ veitir einnig viðurkenningar til keppenda sem stóðu sig best í tölfræði í hverri keppnisgrein. Þau komu til vegna þess að erfitt er að bera saman mismunandi keppnisgreinar og því var talið við hæfi að BFSÍ viðurkenndi afrek íþróttafólks í hverri keppnisgrein, ótengt vali Íþróttafólks ársins sem taka við viðurkenningum frá ÍSÍ.

Auðveldara er að bera saman frammistöðu einstaklinga innan sömu keppnisgreinar. BFSÍ notar hlutlaust valferli byggt á tölfræði íþróttafólksins úr niðurstöðum ársins sem ræður vali íþróttafólks ársins og bogfimidólki ársins. Langboga/hefðbundnum bogaflokki var bætt við síðari hluta 2024 í markbogfimi og því verða viðurkenningar veittar fyrir þann flokk 2025.

Þeir sem fengu viðurkenningar sem bogfimidólk ársins í sínum keppnisgreinum voru:

Bogfimidólk ársins	Nafn	Félag	Íþróttahérað	Bæjarfélag
Sveigbogi karla	Ragnar Þór Hafsteinsson	Boginn	UMSK	Kópavogur
Sveigbogi kvenna	Marín Aníta Hilmarsdóttir	Boginn	UMSK	Kópavogur
Trissuboga karla	Alfreð Birgisson	Akur	ÍBA	Akureyri
Trissubogi kvenna	Þórdís Unnur Bjarkadóttir	Boginn	UMSK	Kópavogur
Berbogi karla	Baldur Freyr Árnason	Boginn	UMSK	Kópavogur
Berbogi kvenna	Guðbjörg Reynisdóttir	Hrói Höttur	ÍBH	Hafnarfjörður
Langbogi/hefðb. kk	Verður fyrst afhent 2025	X	X	X
Langbogi/hefðb. kvk	Verður fyrst afhent 2025	X	X	X

Met

103 Íslandsmet voru slegin og Íslendingar slógu 5 Norðurlandamet árið 2024. BFSÍ bætti við Íslandsmetum fyrir langboga flokk á árinu. Íslandsmetaskrá var uppfærð reglubundið á árinu. Mögulegt er að finna Íslandsmetaskrá og tilkynningarform á vefsíðu sambandsins. Erfitt hefur reynt að skapa þýðingarmikla og áhuga-verða tölfraði samantekt um met. Hvert met er í raun einstakt afrek og í raun ekki hægt að bera eitt met saman við annað. Ef að einhver met eru slegin á hverju ári þá er það jákvæð þróun í íþróttinni.



Tölfraði

Mikilvægt er að varðveita gögn og skapa tölfraði fyrir íþróttina yfir langt tímabil. Án áreiðanlegrar tölfraði um fortíðina er ekki mögulegt að setja raunhæf og mælanleg markmið fyrir framtíðina. Með því að vita hvar við vorum, hvar við erum og hvert við stefnum, getum við þróast. Þetta á jafnt við um íþróttafólk, sérsambönd, aðildarfélög og í raun allt lífið. Starfsfólki BFSÍ hefur verið boðið að taka þátt í þróun tölfraði innan afreksstarfs ÍSÍ í framtíðinni.

Mögulegt er að sjá fljótt í tölfraði hvort að þróun sé í jákvæða eða neikvæða átt og meta hvort að nauðsynlegt sé að stofna til ákveðinna aðgerða til þess að ýta undir jákvæða þróun og/eða sporna við neikvæðri þróun. Starfsfólk BFSÍ hefur verið iðíð á árinu, eins og liðin ár, í því að safna saman gögnum, vinna úr þeim og skapa tölfraði fyrir BFSÍ og íþróttina. Til þess að skapa skýra tölfraði þarf regluverk einnig að vera skýrt og þessi atriði styðja því hvert annað í þróun.

Aðildarfélög BFSÍ geta nú óskað eftir tölfraði samantekt af stöðu og þróun félagsins í mörgum þáttum íþróttarinnar. Slíkar samantektir voru sendar á nokkur aðildarfélög í kringum áramót í tilraunaskyni, en verkefnið er en í þróun. Samantektirnar gefa aðildarfélögum BFSÍ betri yfirsýn yfir marga þætti síns starfs, sem aðildarfélögin hefðu annars ekki aðgang að. Ásamt því að auðvelda aðildarfélögum BFSÍ að skila nauðsynlegum skýrslum og gögnum til síns íþróttahéraðs og bæjarfélags svo að eitthvað sé nefnt. Með því styður BFSÍ aðildarfélög sín með því að gera þeim kleift að setja sér raunhæf og mælanleg markmið, auðvelda þeim að fylgjast með stöðu félagsins, sparar þeim vinnu og stuðlar að innri þróun aðildarfélaganna.

Í stað þess að bera sig saman við önnur félög er markmiðið að hvert aðildarfélag keppi við sjálft sig í fortíðinni í sinni tölfraði í íþróttinni. Met hvers félags fyrir sig í iðkendafjölda/keppendafjölda/þátttökufjölda ásamt öðru er að sjálfsögðu eitthvað sem ber að fagna. Viðbót nýrrar keppnisgreina innan félagsins, jafnara kynjahlutfalls eða áhersla á ákveðna aldurs hópa, eru meðal margra markmiða sem mögulegt er að setja.

Í ársskýrslu BFSÍ er mögulegt að finna tölfraði um ýmsa áhugaverða mælanlega þætti íþróttarinnar og sífellt verið að bæta fleirum atriðum við. Sú tölfraði er þó að mestu miðuð á BFSÍ sem sérsamband og íþróttina í heild sinni, enda er þetta ársskýrsla um sérsambandið sjálft.



ÚTBREIÐSLA OG FRÆÐSLA


Mynd þátttakendum á World Archery L2 Coaching Seminar haldið í samstarfi við Olympic Solidarity 23

Markmið BFSÍ í heildarstefnu BFSÍ er að: „Allir hafi tækifæri til þess að æfa og njóta bogfimiþróttar.“ Markmiðið er byggt á markmiði World Archery fyrir heiminn. Markmiðið nær til margra þátta, bæði iðkenda, keppenda, áhorfenda o.s.frv..

„Íþróttir fyrir alla“ hefur verið vel sinnt af fyrirtækjum eins og Bogfimisetrinu. Þar sem almenningi býðst allt árið að kynna, taka þátt í og hafa gaman af bogfimi, á auðveldan og aðgengilegan máta, sér til heilsueflingar og/eða dægradvalar. Hægt er að rekja meiri hluta af vexti íþróttarinnar á Íslandi til þess að auðvelt aðgengi er að slíkri grasrót og aðstöðu til þess að kynna íþróttinni. Ánægjulegt væri ef allir sem stunda íþróttina reglubundið væru skráðir í aðildarfélög BFSÍ. En meiri hluti iðkenda hefur ekki áhuga á keppni og stundar íþróttina til dægradvalar, gamans eða heilsueflingar, og sjá því oft litla ástæðu til þess að vera meðlimir að bogfimifélögum. Finna þarf leiðir til þess að gera aðild að bogfimifélögum meira aðlaðandi fyrir almennum iðkendum.

Starfsfólk BFSÍ gaf ráðgjöf til íþróttafélaga á árinu um landið sem voru að íhuga stofnun bogfimideilda. Eitt þeirra gekkst til liðs við BFSÍ á árinu og eitt félag var endurvakið úr dvala í samstarfi við BFSÍ. BFSÍ er að fara rólega af stað í viðbót nýrra aðildarfélaga og vinna verkefni vel frekar en hratt. Markmiðið BFSÍ er að styðja ný aðildarfélög að skapa grunn að sterku starfi á hverju svæði fyrir, þar til félag verður sjálfbært og virkni viðhelt.

Iðkendur eftir aðildarfélögum þróun



Iðkendur


Fjöldi iðkenda í heild jókst um 2,3% á árinu 2024. Sjá má í töflunum hér til hliðar að fjölgun iðkenda hefur verið nokkuð stöðug síðasta áratuginn fyrir utan stöðnun í vexti í kórónuveirufaraldrinum.

U18 iðkendum fækkaði í fyrsta sinn síðan Covid, um sirka 14%. Það er að hluta vegna tiltekta í iðkenda tölum og af því að margir iðkendur færðust upp í 18+ tölur með aldri, því hefur 18+ fjölgaði um sirka 20% á árinu.


Stelpur eru nú um 40% af U18 iðkendum, sem er aukning frá fyrri árum. Fleiri konur skrá sig almennt til keppni á mót og meiri þátttaka er meðal kvenna en karla í afreksstarfi BFSÍ. Sem bendir til að fleiri karlar stundi íþróttina til dægradvalar en fleiri konur stundi íþróttina til keppni og árangurs.

Nokkuð jafnvægi er komið á iðkenda tölur hjá BFSÍ, m.a. eftir innleiðingu sportablar sem skilakerfis hjá ÍSÍ og því verið að skila nákvæmari tölum. Tölfræði bendir til að fjölgun iðkenda á næstu árum verði líklega hægar en hefur verið síðasta áratug. Fleiri iðkendur munu færast innan vébanda BFSÍ, sem stunda bogfimi en voru áður utan aðildarfélag BFSÍ og ný aðildarfélög sem eru ganga til liðs við sambandið munu bæta við nýjum iðkendum af nýjum svæðum. Allavega þá er þróunin vafalaust jákvæð.


Iðkendur í bogfimi innan aðildarféлага BFSÍ - Archers in Clubs



Iðkendur U18 (17 ára og yngri) í bogfimi - Archers in Clubs U18



Iðkendur fullorðnir (18 ára+) í bogfimi - Archers in Clubs 18+





Þjóðskrá bætti við þriðju kynskráningu 2021. En flestir kynsegin hafa ekki breytt skráningu sinni í þjóðskrá og endurspeglast fjöldi kynsegin fólks ekki vel í vel í iðkenda tölfræði. En BFSÍ er vel búð að taka við þeim iðkendum með breytingum sem sambandið hefur unnið að á reglum sínum á síðustu árum í þeim tilgangi.

Boginn í Kópavogi er stærsta aðildarfélag BFSÍ og jafnframt stærsta bogfimisfélag á Norðurlöndum og þó að víðar væri leitað. Félagið er með gífurlega sterkt ungmennastarf. Um ¼ iðkenda innan BFSÍ er í Boganum og því einnig stærsti hluti tekna BFSÍ. Því fylgir einnig að flestir keppendur í landsliðum BFSÍ eru úr Boganum. Hlutfall þátttöku, titla og meta endurspeglast nokkuð vel í samræmi við iðkenda fjölda félagana. Sem er gott merki um að iðkenda fjöldi sé nokkuð áreiðanlegur.

Til að gefa hugmynd um stöðu Íslands í iðkenda tölum miðað við þjóðir erlendis er hægt að sjá hér til hliðar töflu yfir iðkendur á Norðurlöndum. 363.212 iðkendur voru skráðir í Evrópu í tölfræði WA 2022 og íbúafjöldi Evrópu er um 750 milljónir. Eins og oft standa Íslendingar vel af vígi í tölum m.v. höfðatölu. Starfsfólk BFSÍ er að vinna að frekari samanburði, svo að auðveldara sé að greina stöðu BFSÍ.

Útbreiðsla bogfimi stendur því vel á Íslandi í samanburði við aðrar þjóðir og samt er töluverður vöxtur eftir hjá BFSÍ.



Þjálfarar

Ekki var nægilegur fjöldi kandidata til þess að halda verklegt þjálfaranámskeið á árinu. En mögulegt var að sitja þau hjá World Archery Excellence Centre á árinu. Einn þjálfari tók þátt í þjálfararáðstefnu World Archery í Lausanne á árinu. Verið er að skipuleggja að halda World Archery Coach L1 námskeið í ágúst 2025 og útlit fyrir að nægilegur fjöldi kandidata verði til þess.



Dómarar

10 landsdómarar voru með réttindi við lok árs 2024. Einn nýr bættist við og 4 þurftu að ljúka endurmenntun til að framlengja réttindi sem 3 gerðu. Eins og í nágrenna löndum er líttill áhugi á dóm-gæslu og hefur slíkt því lent nánast að öllu leiti á herðum örfárra hörku dómara. Um 2/3 dómara á Íslandi eru konur og meðal aldur dómara á Íslandi er mjög ungur. Þessi tölfræði er nánast öfugt við allar aðrar þjóðir þar sem að dómarar eru almennt eldri karlar að meirihluta. Tveir dómarar eru með alþjóðleg dómararéttindi.



Menntun

Net námskeið fyrir dómara á vegum World Archery var í boði allt árið fyrir áhugasama, og mögulegt er að skrá sig í það hvenær sem er á bogfimi.is. Það námskeið er fyrsta skrefið dómaramenntun á Íslandi og nokkrir sem tóku það 2024. Dómarapróf var aðgengilegt á vefsíðu sambandsins allt árið og var því viðhaldið í samræmi við þær reglubreytingar sem komu til á árinu hjá WA og BFSÍ. Alþjóðlegir dómarar innan BFSÍ hafa svo tekið þá sem hafa lokið námskeiði og náð prófi í lærling á mótum til þess að gera þá sjálfbæra í dóm-gæslu.

Bóklegi hluti WA/BFSÍ þjálfarastigs 1 er netnámskeið sem er opið allt árið öllum áhugasömum sem vilja taka fyrstu skrefin í því að verða þjálfarar. Þeir sem ljúka námskeiðinu teljast vera „leiðbeinendur“ og mælt er með að þeir starfi undir þjálfara síns félags í a.m.k. eitt ár til að byggja upp grunn reynslu/þekkingu áður en þeir sitja verklega hluta WA Coach L1. BFSÍ horfir til fjölda leiðbeinenda á Íslandi til þess að ákvarða hvenær tímabært sé halda verklegt námskeið. Nokkrir hafa lokið bóklega hlutanum og því útlit fyrir að mögulegt verði að halda WACL1 námskeið 2025. En mögulegt er að sitja námskeiðin í Afreksmiðstöð alþjóðabogfimisambandsins þau ár sem þjálfaranámskeið eru ekki haldin á Íslandi fyrir þá sem geta ekki beðið.


Miðlar

Starfsfólk BFSÍ skrifaði fréttagreinar og voru yfir 200 fréttagreinar birtar um íþróttina á archery.is og bogfimi.is. Þá er ekki verið að telja Instagram og Facebook pósta. Starfsfólk BFSÍ tók einnig til efni sem aðrir fjölmiðlar, ÍSÍ og aðildarfélag gátu notfært sér til að birta fréttir í öðrum miðlum. Aðeins er fjallað um brot af starfinu í fréttum og því ávallt þörf á að auka umsvif í fréttabirtingum. Mikilvægt er að halda áfram að skapa efni, þróa eigin miðla BFSÍ og byggja upp samstarf við fjölmiðla utan íþróttarinnar, til að auka sýnileika íþróttarinnar á öllum vettvöngum.


Úrslit Íslandsmóta voru sýnd beint á YouTube rásinni „Archery TV Iceland“ með sama fyrirkomulagi og á stórmótum erlendis, þó með mun minni kostnaði. Oliver Ormar Ingvarsson hefur að mestu séð um þróun þess og gerð myndskreiða ásamt íþróttastjóra. Birting á viðburðum BFSÍ hefur tekið ótrúlegum framförum á síðustu fjórum árum eins og sjá má í töflunum þar sem áhorf hefur aukist gífurlega bæði í fjölda áhorfa og fjölda klukkustunda sem horft var á. BFSÍ mun halda áfram að fjárfesta í og leggja áherslu á gerð myndskreiða í framtíðinni.

Til viðbótar við að skapa frábært efni eru sjónvarpaðir úrslitaleikir mikilvægur undirbúningur Íslensks afreksfólks til að keppa um verðlaun á hæstu stigum alþjóðlega.


Fréttir í miðlum - News articles published - Bogfimi.is/Archery.is



Áhorf Samtals Archery TV Iceland Rásinni - Views Total Youtube




Áhorf í Klst Archery TV Iceland - Watch Hours Youtube



Starfsfólk BFSÍ tók saman tölfræði um samfélagsmiðla sér sambanda ÍSÍ árin 2022-2024 (sjá tölfræði fyrri ára í eldri ársskýrslum). M.a. til að fá betri hugmynd um hvar BFSÍ stæði í samanburði við önnur sér sambönd á Íslandi í þeim þáttum og greina styrkleika BFSÍ í miðlum, til að sjá hvar mætti gera betur og hvaða árangri áherslur sambandsins hafa náð í þeim efnum. Það kom á óvart að BFSÍ er með þriðja mesta fjölda Youtube fylgjenda allra sér sambanda á Íslandi, meira en tvöfalt fleiri en HSÍ og KKÍ.

BFSÍ virðist vera sér samband á heimsklassa tengt myndskreiðum á samfélagsmiðlum og Youtube. Heimssambandið réði fyrirtæki til þess að gera samanburð á samfélagsmiðlum aðildarlanda sinna fyrir árin 2022-2023 og þær skýrslur voru gefnar út við lok árs 2024. Þar kom BFSÍ gríðarlega vel út og var meðal topp 10 þjóða í heiminum í næstum öllum mælikvörðum tengt Youtube og myndskreiðum. Sem er ótrúlegur árangur að standa jöfnum fæti við lönd sem telja í tugum eða hundruðum milljóna manns, sumir með tugþúsunda til hundruð þúsunda fleiri iðkendur en BFSÍ.

Þetta sýnir að töluverður áhugi er á efni um bogfimi í þróttir á Íslandi og að gríðarlega vel sé staðið að verki hjá starfsfólki BFSÍ. Mögulegt er að sjá hlekkir á WA skýrslurnar [hér 2022](#) og [hér 2023](#) og neðst í ársskýrslunni.




BFSÍ hefur lagt mesta áherslu á að sýna frá viðburðum BFSÍ á Youtube og ítarlegar fréttaskriftir um viðburði á archery.is og bogfimi.is. Slíkar fréttagreinar hafa höfðað til mismunandi fjölmiðla um landið til endurbirtingar og gera iðkendum auðvelt að deila fréttum um árangur sinn á sínum miðlum.

Starfsfólk BFSÍ hefur einnig lagt áherslu á að ná til staðbundinna fjölmiðla (local media) og skapa fyrir þá efni til þess að birta eða endurbirta. Góð umfjöllun var í slíkum fjölmiðlum á árinu og áhugi þeirra á íþróttinni hefur verið að aukast, sérstaklega tengt gengi íþróttamanna frá þeirra svæðum í mótum.

Minni áhersla hefur verið lögð á Facebook og Instagram miðla BFSÍ, sem sést vel í samanburði við önnur sérsambönd í töflunum hér til hliðar og samfélagsmiðla skýrslum World Archery. Þar sem BFSÍ endar nær tölum sem áætla mætti m.v. fjölda iðkenda.


Unnið verður að þróun þeirra miðla og tilraunir verða gerðar tengt sköpun efnis sem fólk gæti þótt áhugavert á næstu árum. Huga þarf að magni tíma sem fer í sköpun efnisins, þar sem að BFSÍ er með takmarkaðan fjölda starfsmanna og því takmarkaður tími sem er hægt að leggja í slíka miðla án þess að slíkt taki frá öðru starfi. Mikilvægi grunnstarfs BFSÍ er hærra á lista starfsmanna BFSÍ en samfélagsmiðlar í tímaúthlutun.

Facebook Áskrifendur Sérsambanda ÍSÍ 2024



HSÍ með um 17000 og KSÍ með um 125000 sem eru ekki á lista

Instagram Áskrifendur Sérsambanda ÍSÍ 2024



HSÍ með um 18700 og KSÍ með um 85300 sem eru ekki á lista

Önnur útbreiðslu og fræðslu verkefni


Hér er hægt að finna ýmis útbreiðslu- og fræðsluverkefni á árinu. Tilgangurinn er ekki að lista upp öll verkefni sem farið var í árinu, heldur aðeins að gefa innsýn inn í ýmsa þætti úr starfi BFSÍ. Mörg innri verkefni í þróun sambandsins og íþróttarinnar tengdust einnig útbreiðslu og fræðslu. Flest af þessum verkefnum eru þó tíma-bundin. Hér eru dæmi um nokkur slík áhugverð verkefni á árinu:

Í mótakerfi BFSÍ mot.bogfimi.is er mögulegt að finna viðburðarlista, úrslit úr innlendum mótum, keppendaskrá, tölfræði um keppendur, þátttöku, landslista og fleira tengt mótum. Kerfinu var viðhaldið á árinu í samræmi við breytingar á reglum, en þar innkeyrsla gagna í mótakerfið kemur úr alþjóðlega-kerfinu lanseo þá eru ákveðnir þættir sem er ekki mögulegt að breyta t.d. tvær kynskráningar. Áframhaldandi þróun á kerfinu verður unnin í samvinnu milli bogfimisambanda Svíþjóðar, Noregs og Íslands. Þróun kerfisins mun vera í sífældri þróun.

Samkomulag er milli BFSÍ og ISF (International School Federation) sem sér um hald heimsleika framhaldsskóla (U18 Gymnasiade) og heimsleika grunnskóla (U15 Gymnasiade). Íslensk ungmenni í bogfimi mega taka þátt í viðburðunum í gegnum BFSÍ þrátt fyrir að Ísland sé ekki aðili að samtökunum. Ísland er ekki aðili að ISF þar sem engin íþróttasamtök eru á Íslandi fyrir skólaíþróttir. U18 mótið var haldið í Bahrain á árinu, en ferðakostnaður var of hár til að taka þátt í verkefninu að þessu sinni.



Besta trissuboga kona í heiminum með hæfileikamótun í setrinu



Starfsmaður BFSÍ að störfum baksviðs á úrslitum Íslandsmóts



Trissuboga stelpurnar með brons á Evrópubikarmóti U21

Reglum um félagsliðakeppni var breytt á árinu í kynlausa félagsliðakeppni. Þetta var m.a. annars gert til þess auðvelda minni aðildarfélögum BFSÍ að skipa liðum, gera kynsegin fólki kleift að taka þátt í félagsliðakeppni, stytta Íslandsmót og auka samkeppni í félagsliðskeppni. Þar sem að liðakeppni er nú kynlaus verður einnig mögulegt að bæta við liðakeppni á Íslandsbikarmótum BFSÍ í framtíðinni.

Samþykkt var á árinu að bæta við formlegum Íslandsmeistaratitlum í langbogaflokki í markbogfimi frá og með árinu 2025. Langbogi hefur um nokkurra ára skeið verið bætt við sem óformlegri grein í þróun á ÍM og þátttakan hefur verið að aukast rólega. Viðbótin er mikilvægur hluti þess að ná til stórs hóps bogfimi iðkenda sem eru í dag utan BFSÍ. Flokkurinn nær yfir hefðbundna boga og langboga (long-bow/traditional). Ekki eru til reglur hjá WA um langboga og hefðbundna boga í **markbogfimi** og því farið eftir reglum tengt víðavangsbogfimi tengt búnaði.

Aðferðafræði BFSÍ að keppni kynja var bætt í netbókasafn European Union og Council of Europe „All In Plus: Promoting greater gender equality in sport“. Verkefnið safnar góðum starfsháttum og úrræðum tengt kynjajafnrétti í íþróttum. All In Plus verkefnishópurinn (í gegnum mennta- og barnamálaráðuneytið) sýndi aðferðafræði BFSÍ áhuga eftir gagnaöflun um stöðu kynja í íþróttum á Íslandi. Hópurinn taldi að aðferðafræði BFSÍ væri gott fordæmi fyrir önnur íþróttasamtök til að læra af og því verðug viðbót í netbókasafnið. [Þetta er fyrsta og eina Íslenska dæmi í netbókasafninu EU og COE.](#)



Hinsegin fólk, regnbogi eða norðurljós, afhveru má það ekki vera allt í einu



Mesta áhorf var á langboga á Archery TV Iceland Youtube rásinni 2024



Allir geta tekið þátt í keppni í bogfimi, óháð kyni og persónulegum aðstæðum.

Íþróttastjóri BFSÍ hélt áfram að vinna að aðkomu WAE að EYOF - European Youth Olympic Festival. Í raun er hægt að hugsa mótið sem „Evrópuleika ungmenna“ (ELU). IOC er með ÓL og ÓLU og EOC er með EL og ELU. Bogfimi er á öllum þessum leikum nema ELU. Líklegt er að bogfimi verði bætt við sem auka grein í framtíðinni en óljóst hvenær það gæti verið.


Starfsfólk BFSÍ hélt áfram að safna og varðveita upplýsingar um sögu, þátttöku og þróun bogfimi. Mikilvægt er að sú vinna sé sífellt í gangi svo að slík gögn tapist ekki. Mikil sprenging hefur verið í umfangi starfsins á síðasta áratug. Því fylgir meira af sögulegum gögnum sem BFSÍ leggur áherslu á að varðveita. Góð tölfræði er aðferð til að fylgjast með langtíma þróun og gerir möglegt að setja betri mælanleg markmið. Einnig var unnið að því að búa til fyrirkomulag þar sem BFSÍ getur skapað tölfræði samantektir fyrir aðildarfélög sín og fyrir afreksfólk.

Miklar breytingar voru gerðar á Íslenska sniðmáti lanseo og kóða tengdum því 2024. M.a. tengt breytingu í kynlausa félagsliðakeppni, breytingu fjarlægða í samræmi við breytingar WAN, styttingar á nöfnum flokka, viðbót langboga-flokks o.fl. Mikilvægt er að viðhalda lanseo og samræma það við móta-kerfið. Færri en 20 landsambönd eru með sniðmát sem staðlaðan part af lanseo, ásamt WA og IPC. BFSÍ hefur verið meðal fremstu landsambanda í þróun gagnvart stafrænu móta skipulagi og úrslitabirtingu. Það hefur komið sér vel í sjónvörpuðum úrslitaleikjum á Íslandi sem tíðkast almennt ekki nema meðal stærstu þjóða.



Íþróttafólk ársins 2023 að taka við viðurkenningum frá forseta Íslands

Iðkendur í bogfimi innan aðildarfélaganna BFSÍ - Archers in Clubs



Streymi af viðburðum BFSÍ er einnig tengt lanseo upp á skor

Íþróttastjóri er sífellt að vinna í ýmsum atriðum til framdráttar í-þróttarinnar og frekari tækifærum fyrir Íslenskt íþróttafólk. Til dæmis var mikil ánægja á árinu þegar World Archery Europe samþykkti eina slíka tillögu íþróttastjóra á stjórnarfundum í nóvember. Tillagan var að bæta við berboga á Evrópubikarmótum ungmenna. Tillagan var að hver þjóð mætti senda einn í U21 flokki í kk og kvk í berboga á Evrópubikarmótin. Það gefur ungmennum sem stunda berboga tækifæri á því að geta keppt fyrir sitt land í markbogfimi utandyra, bætir við 3 mögulegum verðlaunum án þess að stækka þurfi keppnisvelli eða lengja mótin og eykur því ekki kostnað þátttöku mótana fyrir aðra þátttakendur eða mótshaldara. Breytingin tekur gildi 2025.

Áhugi er á stofnun bogfimideilda í ýmsum landshornum og starfsfólk BFSÍ gaf ráð og/eða kynnti í-þróttina fyrir viðeigandi aðilum í samstarfi við Bogfimisetrið, sem lét oft í té búnað og/eða aðstöðu til þess. Vel gengur að innleiða Aftur-eldingu á Reykhólum, og starfsfólk BFSÍ hefur farið í nokkra heim-sóknir til að styðja félagið. Líklegt að nýtt félag á Patreksfirði bætist við á næstunni, en verið er að vinna í innleiðingu þeirra sem stendur og fjallað verður nánar um það síðar.

BFSÍ stóð einnig fyrir og/eða studdi aðildarfélög í því að sækja um styrki og skipuleggja nokkur útbreiðslu og fræðsluverkefni á árinu. T.d. endurmenntun þjálfara BFSÍ á vegum Tim Swane í ágúst, námskeið bestu trissuboga konu í heimi (Ella Gibson) fyrir stelpur og þjálfara BF Bogans og ýmis verkefni sem voru tengd endurvakningu eða



Baldur Freyr með brons á EM U21 í berboga



Námskeið á vegum BFSÍ á Patreksfirði í desember 2024



Reykhólar með allt á hreinu allir með. Góð íþrótt fyrir lítil bæjarfélög

stofnun félaga o.fl. Áætlað er að fjölga verkefnum í framtíðinni, en sem stendur er fyrirkomulagið á þróunarstigi. Markmiðið er að aðildarfélög BFSÍ geti leitað til BFSÍ til að vera milliliður í því að skapa og skipuleggja ýmis útbreiðslu og fræðsluverkefni og viðburði. m.a. á vegum erlendra sérfræðinga, sem þjónustu við aðildarfélögin.

Starfsfólk BFSÍ lagði sig fram á árinu við að aðstoða aðildarfélög sín við skýrsluskil, styrkjaumsóknir, tilnefningar til viðurkenninga m.a. á í-þróttahátíðum bæjarfélaga og í-þróttahéraða, ásamt mörgu öðru. Meðal annars með því að taka saman tölfræði, afrekalista, gefa út vottorð/staðfestingar, skapa skrifað efni og myndefni o.fl. eftir þörfum hvers félags hverju sinni. Slík þjónusta hefur verið ómetanlegur vinnusparnaður fyrir aðildarfélögin sem þau hafa verið þakklát fyrir og starfsfólk BFSÍ mun vinna áfram að frekari aðgerðum til að stuðla að auðvelda félögum sínum að sinna sínum skyldum af prýði.

BFSÍ hélt áfram að bjóða upp þjónustu fyrir aðildarfélög að halda mót fyrir þeirra hönd. Aðildarfélagið útvegar keppnisvöllinn, skotmörk og sjálfboðaliða, og starfsfólk BFSÍ sér um skipulag, niðurstöður, skráningar, greiðslur, verðlaun, dómgæslu og slíkt. Sunnudagar í setrinu er mótaráð sem kom út úr slíku samstarfi, en mótaráðin er nú alfarið haldin af BF Boganum með yfirsjón frá BFSÍ.

Mörgum minni útbreiðslu og fræðslumálum var einnig miðlað til aðildarfélagana á árinu s.s. þjálfaramenntun ÍSÍ og slíku.



Endurvakning íF Freyju og reglubundins starfs innan þeirra raða gengur vel



Freyja Dís dugleg í ljósmyndun á árinu freyjabenedikts.smugmug.com



Veðrið er alltaf gott í hjarta okkar en það endurspeglast ekki alltaf útvortis NUM24



MÓT


Baksviðsmynd frá Íslandsmóti Ungmenna

Samtals voru 58 mót skráð í mótakerfi BFSÍ sem fóru eftir reglum BFSÍ/WA á árinu 2024, sem er mikil aukning frá fyrra árum. Svæðisbundin mót sem eru oft miðuð á skemmtun/lýðheilsu og fara ekki eftir keppnisreglum BFSÍ eru ekki í þeim tölum.


Öll mót BFSÍ á árinu voru haldin af starfsfólki BFSÍ og það aðstoðaði við hald meirihluta annarra móta ársins. Öll úrslit voru birt í lanseo og eru úrslit úr þeim aðgengileg á heimasíðu kerfisins ianseo.net. Mögulegt er að finna ýmsa móta tengda tölfraði á næstu síðum m.a. úr mótakerfi BFSÍ mot.bogfimi.is og sem að starfsfólk BFSÍ hefur tekið saman úr eldri gögnum.

Konur eru nú um 35% skráðra iðkenda í bogfimi innan aðildarféлага sem er um 5% aukning hlutfalls frá fyrra ári. Heildarskráningar á mót eru 49% kvk, en konur taka yfir á Íslandsmótum með 53% skráninga. Konur eru í meirihluta í afreksstarfi BFSÍ. Á heildina litið eru kynjahlutföll nokkuð jöfn.


Stiklað er á stóru í ársskýrslunni en mögulegt er að finna ítarlegar fréttir um mót ársins á vefsíðunum archery.is og bogfimi.is. Bein streymi og úrslit allra Íslandsmeistaramóta og Íslandsmóta ungmenna ársins er hægt að finna á [Archery TV Iceland](#) Youtube rásinni.




Skráningar innanlands eftir keppnisgrein - Event Participation by division



Skráningar á innlend mót eftir íþróttagrein - Event participation by dicipline



Skráningar á mót eftir aðildarfélagi - National Event Participation by Club






Íslandsmót BFSÍ

Sjö Íslandsmót voru haldin á árinu, fjögur innandyra og þrjú utandyra. Árið 2018 og fyrr voru aðeins tvö Íslandsmót. Þessi fjöldi Íslandsmóta er að miklu leiti vegna skiptingu ÍM eftir aldri, íþrótt- og keppnisgrein sem hófst 2019. Það er nauðsynlegt bæði vegna fjölgunar iðkenda, svo að auðveldara sé að koma ÍM fyrir í aðstöðum, til að stytta tíma hvers móts, til að koma fyrir beinum útsendingum úrslita á hverju móti, vegna viðbótar keppni óháð kyni og til að gefa svigrúm fyrir alþjóðlega hluta mótana, svo að eitthvað sé nefnt.

Skráningar á ÍM ungmenna hafa jafnað sig eftir Covid-19. ÍM hafa nokkurn veginn staðið í stað síðan í Covid. Skráningar á ÍM öldunga hafa hins vegar hrunið svo mikið að mögulegt er að þau verði sameinuð með ÍMU í framtíðinni aftur.

Íslandsmeistaratitlum fækkaði á árinu eftir að félagsliðakeppni var gerð óháð kyni. Samtals voru veittir 90 Íslandsmeistaratitlar í einstaklings- & félagsliðakeppni í 3 keppnisgreinum, 2 íþróttgreinum og 5 aldursflokkum (U16, U18, U21, M.fl. og 50+). Titlar í langboga voru óformlegir á Íslandsmótum á árinu, en fyrstu formlegu titlar í langboga verða veittir árið 2025.

Ákveðið var að slá á frest þróun Íslandsmóts í víðavangsbogfimi vegna skorts á æfingarsvæðum, þátttöku og áhuga. En áætlað er að halda þróun víðavangsbogfimi áfram á þegar komin eru



svæði þar sem að mögulegt er að stunda íþróttagreinina.



Kynjahlutfall skráninga á Íslandsmótum hélt áfram að færast í átt að kvenna meirihluta í íþróttinni.

Ef horft er á heildar mótaskráningar þá eru karlar í fyrst í meirihluta síðan 2020. En á heildina litið er nokkuð jafnt kynjahlutfall í íþróttinni.

BFSÍ hefur ekki stofnað til sérstakra aðgerða til þess að stuðla að þátttöku kvenna í íþróttinni, annað en að tryggja að allir geti iðkað og keppt í íþróttinni óháð kyni, karlar, konur og kynsegin.

Félagssliðakeppni var breytt um áramótin 23-24 í keppni óháða kyni og 2024 var því fyrsta árið sem nýja fyrirkomulagið var notað. Meðal ástæðna fyrir breytingu voru; svo að kynsegin fólk geti tekið þátt í félagssliðakeppni, til þess að auka samkeppni og koma á mótis við minni aðildarfélög, sem eiga oft erfitt með að skipa fullu liði í karla og kvenna. Þetta stytir einnig keppnisdaginn á hverju Íslandsmóti, þar sem nú er 1 liðakeppni í stað þriggja (men, women og mixed team). Nýja fyrirkomulagið gekk vel 2024.

Afturelding á Reykhólum tók sínu fyrstu Íslandsmeistararitla í 100 ára sögu félagsins á ÍM ungmenna. Það var ánægjulegt að sjá að aðildarfélög úr flestum landshornum unnu einn eða fleiri titil á árinu í einhverri keppnisgrein eða aldursflokki. Einhver gróska er um allt landið.



Íslandsmeistaramót

Íslandsmeistaramót í meistaraflokki innandyra var haldið í Bogfimisetrinu í mars. Þetta var fyrst ÍM í m.fl. síðan að liðakeppni var breytt í óháð kyni. Íslandsmeistarar urðu:

- Sveigbogi - Meistaraflokkur
 - Ragnar Þór Hafsteinsson – Boginn – karla
 - Valgerður E. Hjaltsted – Boginn – kvenna
 - Valgerður E. Hjaltsted – Boginn – óháð kyni
 - Félaglið – Boginn Kópavogi
- Trissubogi - Meistaraflokkur
 - Alfreð Birgisson – Akur – karla
 - Anna María Alfreðsdóttir – Akur – kvenna
 - Anna María Alfreðsdóttir – Akur – óháð kyni
 - Félaglið – Boginn Kópavogi
- Berbogi - Meistaraflokkur
 - Sveinn Sveinbjörnsson – Boginn – karla
 - Guðbjörg Reynisdóttir – Hrói Höttur – kvenna
 - Sveinn Sveinbjörnsson – Boginn – óháð kyni
 - Félaglið – Boginn Kópavogi
- Langbogi – Meistaraflokkur (óformleg viðbót 2024)
 - Jonas Björk – Akur – karla
 - Jana Arnarsdóttir – LF Freyja – kvenna
 - Jonas Björk – Akur – óháð kyni
 - Félaglið – LF Freyja Reykjavík



Anna María Alfreðsdóttir að keppa um titilinn innandyra. Mynd náðist akkurat þegar að örin var að fara af boganum

Íslandsmeistaramót utandyra var haldið í júlí á Hamranesvelli í Hafnarfirði. Óvenju gott veður var á mótinu miðað við Ísland og skorin og frammistaðan var því nokkuð há. Íslandsmeistaratitlar urðu:

- Sveigbogi - Meistaraflokkur
 - Ragnar Þór Hafsteinsson – Boginn – karla
 - Valgerður E. Hjaltsted – Boginn – kvenna
 - Marín Aníta Hilmarsdóttir – Boginn – óháð kyni
 - Félaglið – Boginn Kópavogi
- Trissubogi - Meistaraflokkur
 - Alfreð Birgisson – Akur – karla
 - Erla Marý Pálsdóttir – Hrói Höttur – kvenna
 - Þorsteinn Halldórsson – Hrói Höttur – óháð kyni
 - Félaglið – Hrói Höttur Hafnarfirði
- Berbogi - Meistaraflokkur
 - Gummi Guðjónsson – Boginn – karla
 - Guðbjörg Reynisdóttir – Hrói Höttur – kvenna
 - Gummi Guðjónsson – Boginn – óháð kyni
 - Félaglið – Boginn Kópavogi
- Langbogi – Meistaraflokkur (óformleg viðbót 2024)
 - Gummi Guðjónsson – Boginn – karla
 - Gummi Guðjónsson – Boginn – óháð kyni




Alfreð Birgisson að keppa um titilinn í trissuboga, einnig faðir Önnu á efri myndinni

ÍMU og ÍMÖ

ÍMU innandryra

Íslandsmót ungmenna inni var haldið í Bogfimisetrinu í tvennu lagi sömu helgi í febrúar. Um 25% aukning var á þátttöku á milli ára. Veittir voru 31 titlar og slegin 11 Íslandsmet. Boginn stóð sig best með yfir 60% af titlum og metum á mótinu. Þátttaka jókst mikið frá Akur og Skaust, en nýjasta aðildarfélag BFSÍ Afturelding á Reykhólum sló í gegn og vann sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil í 100 ára sögu félagsins í nokkurri íþrótt.



Handahófskennd mynd af einum hópnum á ÍM ungmenna innandryra 2024

ÍMU utandryra


Íslandsmót ungmenna úti var haldið á Hamranesvelli í Hafnarfirði í júlí. Samtals voru 27 titlar veittir og slegin 7 Íslandsmet. Boginn sýndi yfirburði á mótinu og tók 23 af 27 titlum og var með 7 af 7 Íslandsmetum, Hrói Höttur tók hina 4 titlana og líklega í fyrsta sinn sem 2 félög ná öllum titlum á Íslandsmóti. Þáttökufjöldi stóð í stað milli ára utandryra og lítill vöxtur hefur verið utandryra frá því í kórónuveirufaraldrinum. Áætlað er að halda ÍMU síðar á árinu 2025 til þess að sjá hvort að þátttaka aukist utandryra.



Ánægður keppandi á skotlínu á ÍM ungmenna utandryra

ÍMÖ utandryra og innandryra

ÍM öldunga utandryra var haldið á Hamranesvelli í júní og ÍM öldunga innandryra í Bogfimisetrinu í nóvember. Þátttaka á ÍMÖ 2024 var mjög dræm eins og síðustu 4 ár og hefur náð lægsta punkti. Þátttaka öldunga hefur fallið um rúmlega 65% frá því 2020 við upphaf kórónuveirufaraldurinn. Fjöldi á ÍMÖ innandryra er þó að sýna merki um þróun í rétta átt. En frekari aðgerða er þörf til að stuðla að þátttöku öldunga á ný í íþróttinni.



Elsti keppandi Íslands á EM24 inni 79 ára. Þátttaka öldunga er minni en þeir eru til

Bikarmótaraðir BFSÍ

Þetta er annað árið þar sem að formlegir Bikarmeistarar eru krýndir. Bikarmót af ýmsum gerðum hafa verið haldin í um áratug, en það var ekki sameinað í heildstætt kerfi undir hatti BFSÍ fyrr en 2022 og svo gert formlegt 2023. Heimssambandið er með bæði Indoor World Series og Outdoor World Cup á sambærilegu formi, og mörg lönd sem hafa tekið upp sambærilegt innan sinna raða „national tour/national series/national cup“.



Alfreð Birgisson í Akur var einni sem varð bikarmeistari innandyra og utandyra 24

Bikarmótaröð BFSÍ inni 2024

Fjögur Íslandsbikarmót voru haldin í Íslandsbikarmótaröðinni 2024 innandyra (2023-2024 tímabilið). Mótin voru haldin í Bogfimisetrinu. Bikarmeistarar í sínum keppnisgreinum urðu árið 2024:

Trissubogi Alfreð Birgisson
ÍF Akur Akureyri

Sveigbogi Marín Aníta Hilmarsdóttir
BF Boginn Kópavogur

Berbogi Heba Róbertsdóttir
BF Boginn Kópavogur



Marín hefur unnið báða bikarmeistaratitlana innandyra 2023 og 2024

Bikarmótaröð BFSÍ úti 2024

Þrjú Íslandsbikarmót voru haldin í Íslandsbikarmótaröðinni 2024 utandyra. Mótin voru haldin á Hamranesvelli í Hafnarfirði. Bikarmeistarar í sínum keppnisgreinum urðu árið 2024:

Trissubogi Alfreð Birgisson
ÍF Akur Akureyri

Sveigbogi Astrid Daxböck
BF Boginn Kópavogur

Berbogi Guðbjörg Reynisdóttir
BF Hrói Höttur Hafnarfjörður



Heba og Guðbjörg skiptust á titlum inni og úti á árinu.

Ungmennadeild BFSÍ - Vertu Memm!!

12 mót voru haldin á árinu í mánaðarlegu fjarmótarið BFSÍ innandyra „Ungmennadeild BFSÍ“. Ungmennadeild BFSÍ hefur fyllt í skort á þátttökumöguleikum ungmenna á mótum í sínum aldursflokkum/fjarlægðum og skort á mótum á minni svæðum á landinu. Ungmennadeildin mun breytast í „Vertu memm!!“ 2025. Lýðheilsu verkefni BFSÍ. Tilgangur þess er að fá fólk á öllum aldri (líka fullorðna) til þess að þátt mánaðarlega á auðveldan og einfaldan máta. Meðal annars til þess að gefa yngri og nýjum iðkendum möguleika á að eiga fyrstu kynni af bogfímimóti í heimabyggð á umhverfisvænan og auðveldan hátt þeim að kostnaðarlausu.

Önnur mót

BFSÍ hélt í samstarfi við Bogfimisetrið og Bogfímifélagið Bogann „Sunnudagar í Setrinu“ mótaröðina. Mótin eru haldin alla sunnudaga, nema það stangist á við önnur mót eða hátíðir. Tilgangur mótaráðarinnar er að búa til reglubundið tækifæri fyrir fólk að geta tekið þátt í mótum á ódýran og einfaldan veg, og hitt á aðra í íþróttinni. Sérstaklega gott fyrir byrjendur að komast fyrst í kynni við alvöru mót þar sem áherslan er meira á þátttöku og eigin framfarir og fyrir ungmenni að geta keppt og slegið met á sínum fjarlægðum innandyra.



Heba Róberts alltaf hissa þegar hún hittir



Elsti keppandinn sem verður memm er 80 ára gamall og yngsti verður undir 10 ára



Margur er knár þótt hann sé smár

A photograph of an archer, Marín Aníta Hilmarsdóttir, in a blue and white uniform, aiming a blue and black compound bow. She is in a focused stance with her left arm extended and the bow drawn. The background is a blue wall with the word "ICELAND" and the Icelandic flag visible.

AFREKSSTARF

Marín Aníta Hilmarsdóttir í liða bráðbana gegn Moldóvu um brons á EM24. Ísland vann eitt brons á EM en var ekki langt frá því að taka 3 önnur.

Þátttaka og árangur BFSÍ árið 2024 var góður og eykst á hverju ári. Vel er staðið að starfi og umgjörð afreksstarfsins, þó er endalaus framför markmiðið.


Afrekssjóður ÍSÍ (ASJ) er stærsti styrktaraðili BFSÍ í afreksstarfi og miklar breytingar hafa verið gerðar á fyrirkomulag ASJ á síðustu árum og fjármagn til afreksstarfs 2025 mun mögulega aukast til muna í samræmi við frekari framlög ríkisins til afreksstarfs á Íslandi. BFSÍ hefur hækkað ört í fjármögnun úr Afrekssjóði í samræmi við árangur sambandsins og þróun þess.

Töluverður vöxtur varð í þátttöku í afreksstarfi BFSÍ 2024, rúmlega 25% aukning á umfangi milli ára. Búist var við slíku þar sem að Covid árin 2020/2021 sýndu ekki rétta mynd af vexti eða starfi BFSÍ. 2022 var hálfvænlegt og hálfvæn Covid ár. 2023 var fyrsta árið þar sem gert var ráð fyrir eðlilegri tölfræði BFSÍ, en þá skullu náttúruhamfarir yfir Tyrkland og aflýsa þurfti EM innandyra 2023 sem er þátttökumesta landsliðsverkefni BFSÍ. Það mætti því segja að árið 2024 sé í þátttöku og árangri réttasta mynd af starfi BFSÍ tölfræðilega séð. Líklegt er að vöxtur muni hægja á sér árin 2025-2028 þegar að meiri stöðugleiki kemst aftur á starfsemi BFSÍ. Vextinum ber þó að fagna og ekki má gera ráð fyrir því að vöxturinn haldi endalaust áfram þó að það sé vonin og markmiðið.


Umfang starfsins er að setja töluvert álag á starfsmenn BFSÍ og þeir hafa ekki náð að sinna öllum verkefnum eins vel og mætti gera. Verið er að vinna í að finna leiðir til að straumlínulaga starfið á ýmsa vegu til að minnka álag á starfsmenn og dreifa verkefnum betur yfir árið svo að mögulegt sé að framkvæma meira með minna. En þó að slíkt muni virka í skammtímanum er það ekki varanleg lausn. Sérstaklega ef horft er til þess hve jafn, þéttur og hraður vöxtur hefur verið á almennu starfi og afreksstarfi í bogfimi á síðasta áratug, eins og sjá má í töflunum hér á næstu síðu. Nauðsynlegt verður að fjölga þjálfurum í afreksstarfi í framtíðinni o.fl. þegar að fjárhagur BFSÍ getur á ábyrgan veg borið viðbótar kostnað tengt slíku.

Ársskýrslur BFSÍ eru oft orðnar býsna langar, enda oft mikið í gangi í starfi sambandsins sem vert er að greina frá og erfitt að velja og hafna því hvað fær umfjöllun og hvað ekki. Á næstu síðum skýrslunnar er mjög stuttur texti um hvert verkefni, á frekar stöðluðu formi (óháð mikilvægi eða stærð verkefnis), til að gefa yfirsýn yfir starf ársins. Mögulegt er að finna mun ítarlegri fréttir og upplýsingar um landsliðsverkefni BFSÍ 2024 á heimasíðu sambandsins <https://bogfimi.is/> og á bogfimifrættavefnum <https://archery.is/>.


Samtals þátttökur í landsliðsverkefnum þróun (keppendur) - NT participation



Allar niðurstöður landsliðsverkefni samtals - All NT team&individual results



Allar niðurstöður A landsliðsverkefni - All NT results team/indv. WC/EC/OL/EG



A landsliðsverkefni (HM/EM/ÓL/EL/HL meistara flokkur/fullorðinna)

European Indoor Championships (EM innandryra) – Varazdin Króatía

Ísland vann til sinna fyrstu verðlauna á EM innandryra í meistaraflokki á árinu, í trissuboga kvenna liða. Ásamt því keppti Ísland í þremur öðrum brons úrslitaleikjum í m.fl. til viðbótar sem enduðu í jafntefli og bráðabana, en tapi. Guðbjörg Reynisdóttir var hæst í einstaklingskeppni á EM og endaði í 6 sæti og 6 aðrir keppendur komust í 16 manna úrslit og enduðu í topp 10 á EM í einstaklingskeppni. Ísland var með stórt lið á mótinu og árangur framfaravonum.

Samtals voru 231 keppendur frá 24 þjóðum. 17 frá Íslandi: 3 með brons, 8 í topp 4, 6 í topp 8 (m.v. hæsta sæti kt.)



Guðbjörg í 6 sæti á EM innandryra 2024



European Outdoor Championships (EM utandryra) – Essen Þýskaland

Öll Íslensku liðin komust í útsláttarkeppni eftir undankeppni EM, trissuboga blandað lið var slegið út af Finnlandi í 24 liða leikjum, sveigboga kvenna lið var slegið út af Tyrklandi í 24 liða leikjum. Besta niðurstaða mótsins var í trissuboga kvenna liðið sem endaði í 9 sæti eftir að silfurlið Spánar sló Ísland út 228-215 í 16 liða úrslitum. Í einstaklingskeppni náði Alfreð Birgisson lengst í einstaklingskeppni og vann fyrsta leikinn gegn Úkraínumanni, en var svo sleginn út í öðrum leik af Pólverja. Hinir 6 Íslensku keppendurnir töpuðu í sínum fyrsta leik, en oft með grátlega litlum mun eða bráðabana.

390 þátttakendur frá 38 þjóðum. 7 frá Íslandi.



Liðin Ísland vs Spánn á EM í 16 liða úrslitum (Spánn vann silfur á endanum á EM)

Önnur landsliðsverkefni fullorðinna (B/C)

Veronicas Cup World Ranking Event – Kamnik Slóveníu

Aðeins 3 Íslendingar tóku þátt í mótinu að þessu sinni. Bæði vegna kostnaðar við önnur landsliðsverkefni og þar sem að verkefnið stangaðist á við önnur verkefni. Gengið var samt flott. Freyja tók 5 sæti í trissuboga U21. Vala vann fyrstu tvo leikina í sveigboga kvenna en var svo slegin út af Ólympíu bronsverðlaunahafanum í þriðja leik og endaði í 17 sæti. Marín vann fyrsta leikinn í sveigboga kvenna en var slegin út í öðrum leik og endaði í 33 sæti.

3 keppendur voru frá Íslandi. Samtals voru 372 þátttakendur frá 37 þjóðum.



Alltaf rigning á Veronicas Cup WRE en flott ör

European Grand Prix (Evrópubikarmót) – Porec Króatía

Þrjú keppendur frá Íslandi kepptu á Evrópubikarmótinu í Króatíu. Vala, Freyja og Marín tóku landahopp og tóku þátt í 2-3 landsliðsverkefnum í röð án þess að koma heim.

Vala og Marín töpuðu í fyrsta leik í sveigboga kvenna og enduðu því báðar í 33 sæti. Freyja endaði í 17 sæti í trissuboga kvenna. Ísland skipaði engum liðum á mótinu.

3 keppendur voru frá Íslandi. Samtals voru 247 þátttakendur frá 42 þjóðum.



Mynd úr fyrsta leik í sveigboga kvenna

Final Qualification Tournament Olympic Games 2024 – Antalya Tyrkland

Valgerður Hjaltsted og Marín Aníta Hilmarsdóttir kepptu á lokamóti um þátttökurétt á Ólympíuleikana í Tyrklandi á árinu. Báðar voru nálægt lágmarks skorum fyrir Ólympíuleikana 2024 í undankeppni mótsins, en það þarf að ná þeim a.m.k. einu sinni á tímabilinu og Marín hafði þegar náð þeim á Evrópuleikunum 2023.

En báðar voru slegnar út í fyrsta útslætti mótsins og enduðu báðar í 57 sæti og unnu því ekki þátttökurétt á ÓL 2024.

2 keppendur voru frá Íslandi á mótinu. Samtals 59 þjóðir að keppa á mótinu sem voru ekki þegar búnar að vinna þátttökurétt á Ólympíuleikana. Þær skipuðu 143 keppendum í sveigboga kvenna sem kepptu um 7 einstaklings þátttökurétti sem eftir voru í undankeppnisferlinu. (Samtals voru 458 þátttakendur frá 83 þjóðum á mótinu sem voru ekki búnar að vinna þátttökurétt á ÓL 2024)



Marín í undankeppni FQT mótsins um síðustu þátttökurétti á ÓL

Ungmenna landsliðsverkefni (B/C)

European Indoor Youth Championships (EM U21 innandyra) – Varazdin Króatía

Ísland vann sín fyrstu verðlaun á EM ungmenna í sögu íþróttarinnar. Fyrsta gull í liðakeppni, fyrsta silfur í liðakeppni, fyrsta einstaklings silfur og fyrsta einstaklings brons.

Berboga karla liðið tók gullið og berboga kvenna liðið tók silfrið. Lóa Margrét Hauksdóttir var nálægt gullinu í úrslitaleiknum á móti Breta sem endaði 6-4 og hún tók því silfrið á móti Breta. Baldur Freyr Árnason tók bronsið örugglega 6-0 á móti Frakka.

Samtals voru 231 keppendur frá 24 þjóðum. 16 frá Íslandi: 3 með gull, 4 með silfur, 8 í topp 8 og 1 í topp 32 (m.v. hæsta sæti kt.)



Verðlaunahafar frá EM24 U21 í neðri tveim röðum og m.fl. efst

European Youth Cup leg 1 (Evrópubikarmót ungmenna 1) – Sofia Bulgaría

Ísland vann brons verðlaun í liðakeppni U21 kvenna. Sjaldgæft gerðist í undanúrslitum þar sem Ísland mætti Ítalíu, leikurinn endaði í jafntefli og því sendur í bráðabana. Bráðabaninn endaði svo í jafntefli 27-27 og því þurfti að mæla hvort Ísland eða Ítalía ætti ör nær miðju til að ákvarða hvort liðið myndi keppa um gullið, en þar tók Ítalía sigurinn, eins jafn leikur og mögulegt getur gerst. Bæði liðin og allir Íslensku keppendurnir nema 1 unnu a.m.k. einn leik, sá eini sem vann ekki leik í einstaklingskeppni endaði óheppilega á móti öðrum Íslendingi í fyrsta útslætti.

Samtals 278 þátttakendur frá 24 af 48 þjóðum innan WAE. Fimm frá Íslandi. Þrír með brons, 1 í topp 16 og 1 í topp 32. (m.v. hæsta sæti kt.)



Stelpurnar að taka við bronsinu. Frakkland tók gull og Ítalía silfur

Bulgarian Open (Alþjóðlegt landsmót í Búlgaríu) – Sofia Bulgaría

Helgina á undan Evrópubikarmóti ungmenna (EBU) í Búlgaríu hélt Búlgarska bogfimisambandið landsmót sem var opið alþjóðlegri þátttöku. Nokkrar þjóðir sem kepptu á EBU tóku einnig þátt á landsmótinu. Gengi Íslensku keppendanna var gott. Búlgarskir keppendur kepptu fyrir sína klúbba á mótinu. Ísland var efst í lokaniðurstöðum eftir fjölda einstaklings gull verðlauna þrátt fyrir að vera aðeins með 7 keppendur.

Ísland vann 4 gull, 2 silfur og 1 brons. Eitt silfrið voru 2 Íslendingar að keppa um gullið og liðsstjórinn tók bronsið í berboga m.fl. Samtals voru 150 þátttakendur frá 4 þjóðum. Best í Búlgaríu.



Verðlaunahafar á mótinu. Liðsstjórinn náði bronsi í berboga

European Youth Championships (og EU Youth Cup leg 2) – Bucharest Rúmenía

Hitabylgja var á EM ungmenna utandyra með rúmlega 40 stiga hita á keppnisvöllinum. Nokkrir keppendur drógu sig úr keppni eftir að hafa of hitnað. Einn af Íslensku keppendunum fékk sól-sting og annar hitaslag, þrátt fyrir að liðsstjórninn væri að redda meira en 15 kílóum af ísmolum á völinn á dag til að halda þeim köldum (mörg lönd urðu Íslandsvinir fyrir ísmola). Trissuboga kvenna liðið endaði í 6 sæti, mixed team í 9 sæti, en gekk óvenju illa í einstaklingskeppni, allir uppgefnir af hita. 40 þjóðir 363 keppendur. 5 frá Íslandi 3 í topp 8, 1 í top 16 og 1 komst ekki í topp 32 (m.v. hæsta sæti kt.)



Hitabylgjan var rosaleg, en ísinn gerði það við lifanlegt

European Youth Cup Series Final (Evrópubikarmótaröð Ungmenna) – Evrópa

Ísland var í 15 sæti liða á heildarstigum af 40 þjóðum í Evrópu (af 48 mögulegum) sem tóku þátt í Evrópubikarmótaröð ungmenna 2024. Sem er býsna gott miðað við að Ísland sendi aðeins 2 af 12 liðum sem mögulegt er að senda. Þjóðir fá stig á listann byggt á árangri þeirra í undankeppni liða á mótum tímabilsins.

Lokaniðurstöður einstaklinga eru samanlögð skor úr undankeppni allra ungmenna móta WAE utandyra á árinu. Þórdís endaði þar hæst Íslendinga í 8 sæti, 3 aðrir enduðu í topp 16 og 1 í topp 32 í lokaniðurstöðum. 40 þjóðir og 500+ þátttakendur.



Þórdís í undankeppni seinna móts EYC mótaráðarinnar 2024

Nordic Youth Championships (NUM/NM ungmenna) – Larvik Noregi

Íslandi gekk mjög vel á NUM í Danmörku. 6 gull, 13 silfur og 4 brons. Marín Aníta Hilmarsdóttir, Patrek Hall Einarsson, Baldur Freyr Árnason, Kristjana Rögn Andersen og Halla Sól Þorbjörnsdóttir unnu Norðurlandameistararitla í einstaklingskeppni á mótinu fyrir Ísland.

Árangur og þátttaka Íslands er að nálgast að vera sambærileg stærstu Norðurlöndum. Ísland var með fleiri Norðurlandameistara í einstaklingskeppni (4) en Noregur (3), Finnland (0) og Færeyjar (1). Ef þau þrjú lönd eru lögð saman jafna þau Ísland í titlum. Heimaþjóðin tók flesta með 9 og Svíþjóð í öðru sæti með 7 titla.

35 keppendur kepptu á NUM. 15 þeirra unnu til verðlauna, 17 komust í topp 8, 3 komust í topp 16. Samtals voru 224 keppendur frá 6 af 6 þjóðum innan WAN.



Íslensku keppendurnir á NM ungmenna 2023.

World Series

World Series mótaroðin 2023-2024

World Series mót 1 Sviss – október 2023

Freyja Dís Benediktsdóttir var eini keppandi Íslands á fyrsta mótið í heimsmótaroðinni í Sviss. Hún sýndi frábæra frammistöðu með næst hæsta skor í undankeppni mótsins og vann svo silfrið í úrslitakeppni trissuboga U21 kvenna.

World Series mót 2 Lúxemborg – nóvember 2023

3 keppendur kepptu á IWS í Lúxemborg. Tveir komust ekki inn í útsláttarkeppni, en Freyja endaði í 9 sæti í U21 þrátt fyrir að boginn hafi ekki komið með í flugi og hún hafi keppt með lánsbúnaði frá vin



Freyja að keppa í gull úrslitum World Series U21 í Sviss

Úrslitamót World Series U21 Frakkland – janúar 2024

Freyja Dís Benediktsdóttir vann sér þátttökurétt á úrslitamót heimsmótaraðar World Archery 2024 í U21 flokki (World Series Youth Finals). Freyja var í 6 sæti á heimslista mótaraðarinnar og 16 efstu vinna þátttökurétt á úrslitamótið. Freyja var slegin út í 16 manna úrslitaleikum (fyrsta leik) og endaði því í 9 sæti í lokaniðurstöðum.

World Series 2024-2025

Indoor World Series (IWS) fyrir 2024-2025 tímabilið er hafið og mun samanstanda af 6 mótum í mótaroðinni. Úrslitamótin verða svo haldin í janúar í Frakklandi fyrir U21 og Bandaríkjunum í febrúar. Fjallað verður stutt um þau mót sem haldin voru 2024 þar sem þau skarast á áramót.

World Series mót 1 Sviss – nóvember 2024

Freyja Dís Benediktsdóttir og Þórdís Unnur Bjarkadóttir kepptu í Sviss báðar í trissuboga kvenna U21. Til þess að koma mótinu fyrir á einni langri helgi var fjöldi þeirra sem héldu áfram eftir undankeppni skorinn niður í 8 efstu. Þórdís náði inn í 6 sæti en Freyja var óheppin og endaði í 9 sæti. Þórdís tafaði fyrsta leik í 8 manna úrslitum og endaði í 6 sæti en Freyja vann „secondary tournament“ sem er stuttur aukaviðburður sem haldinn er fyrir þá sem komast ekki í úrslit mótsins.



Anna á World Series í meistaraflokki í Lúxemborg 2024

World Series mót 2 Lúxemborg – nóvember 2024

3 keppendur kepptu á IWS í Lúxemborg. Anna María Alfreðsdóttir komst áfram eftir undankeppni og endaði í 17 sæti. Tveir komust ekki inn í útsláttarkeppni, en stóðu sig vel í „secondary tournament“ Alfreð í sjötta sæti og Eowyn í öðru sæti U21 af þeim sem komust ekki inn í 16 eða 32 manna úrslit mótsins.

Úrslit World Series 2025

Úrslitamótin í heimsmótaroðinni 2024-2025 (World Series Finals) verða haldin í janúar og febrúar fyrir topp 16 í mótaroðinni, því verður fjallað um þau í ársskýrslu BFSÍ 2025. En sem stendur er enginn Íslendingur búinn að tryggja sig í úrslit.

Hæfileikamótun

Auðsjáanlegt er að hæfileikamótun síðustu ár hefur verið að skila góðum árangri t.d. á því að nokkrir einstaklingar í hæfileikamótun hjá BFSÍ hafa náð lágmarksviðmiðum fyrir Evrópuleika og/eða Ólympíuleika, og árangur BFSÍ í landsliðsverkefnum ungmenna á undanförunum árum hefur aukist mikið.

Helsta áhersla í hæfileikamótun BFSÍ er á einstaklings þjálfun. Slík þjálfun hefur almennt skilað mestum árangri í að hækka getustig íþróttafólksins og þar með árangur liða. Mest áhersla hefur verið á að bæta form og tækni einstaklinga, einnig ráð/aðstoð við stillingar/val á búnaði, æfingarskipulagsgerð, markmiðasetning og þátttöku-/fjárhagsáætlunargerð, eftir því hvað á best við hvert ungmenni hverju sinni.

NM ungmenna er stór partur af því að gefa yngri keppendum aðildarfélagatækifæri til þess að komast í kynni við alþjóðlega keppni á skemmtilegan og lærdómsríkan veg, ásamt því að vera vettvangur fyrir þá bestu á Norðurlöndum til þess að hittast og keppa um titla. Þar kynnast þeir einnig öðrum ungmennum á Norðurlöndum með sömu áhugamál. Árangur á NM ungmenna vekur einnig oft áhuga margra á að miða herra í framtíðinni, þar sem þeir upplifa möguleika sína á því að geta náð lengra í íþróttinni.

Því mætti hugsa um NM ungmenna sem fyrsta stigið í hæfileikamótun BFSÍ í samstarfi við aðildarfélagin. En BFSÍ tekur venjulega ekki yfir þjálfun efnilegra íþróttamanna fyrr en þeir eru að ná nálægt A/B skor viðmiðum ungmenna á sirka aldrinum 13-18 ára, með því markmiði að reyna að lyfta þeim upp á toppinn í alþjóðlegum stórmótum ungmenna í framtíðinni. BFSÍ hefur einnig verið að vinna með stærsta aðildarfélagi BFSÍ í ungmennastarfi að búa til forgrunn að hæfileikamótun innan félagsins, ef það heppnast vel er það fordæmi sem önnur félög geta mögulega fylgt í framtíðinni.

Heilbrigðisteymi

Sjúkraþjálfari fylgdi liðinu út á EM innandyrna sem er fjölmennasta landsliðsverkefni BFSÍ með um 30+ manns að meðaltali. Verið að íhuga að taka sjúkraþjálfara í fleiri verkefni í framtíðinni.

Mest áhersla í heilbrigðisteymi á árinu var á íþróttasálfræði, fræðslu og almennt eftirlit/forvarnir slysa/meiðsla íþróttafólks hjá sjúkraþjálfurum á árinu.

BFSÍ nýtti þjónustu nokkurra sjúkraþjálfara til þess að fylgjast með stöðu síns íþróttafólks sem vildi þá þjónustu. Meðal annars vegna sérhæfingu sjúkraþjálfara og mismunandi þarfa íþróttamanna. Einnig til þess að koma á mótis við afreksfólk sem býr utan höfuðborgarsvæðisins, að þeir geti leitað sér að þjónustu nær heimabyggð.



2024 unnu Íslensk ungmenni til fleiri verðlauna á NM ungmenna en Noregur, Finnland og Færeyjar, ásamt því að vinna fleiri einstaklings Norðurlandameistararitla en allar þær þjóðir samanlagt. Ísland vann einnig sín fyrstu einstaklings og liðaverðlaun á EM inni með eitt gull, 2 silfur og 1 brons. Og svo er vert að nefna verðlaun okkar ungmenna á Evrópubikarmótum ungmenna o.fl. Allt á uppleið og gott gengi



Sjúkraþjálfari BFSÍ að tala við íþróttamann á EM innandyrna 2024

Menntun/endurmenntun afreksþjálfara

Starfsfólk BFSÍ vann að því að koma á fót nokkrum fræðslu verkefnum tengt endurmenntun þjálfara á Íslandi á árinu í samstarfi við aðildarfélög sín. Verkefnin voru bæði miðuð á afreksþjálfara BFSÍ og þjálfara aðildarfélaga og útvalda keppendur.

Eitt slíkt tilraunaverkefni var haldið í ágúst af Tim Swane þjálfarakennara World Archery. Þjálfara-lærings prógram, væri líklega besta nafnið á það þar sem Tim kæmi til Íslands og myndi vinna með afreksþjálfurum og íþróttafólki þeirra, og þjálfra þjálfarana í að þjálfra. Annað slíkt verkefni var fyrirlestur og æfingabúðir með bestu trissuboga konu í heiminum í október. Stefnt er að því að vera með fleiri slík verkefni í framtíðinni fyrir þjálfara BFSÍ og þjálfara aðildarfélaga til að lyfta heildar þekkingu og reynslu afreksþjálfara upp á Íslandi, en óvíst með hvaða fyrirkomulagi.



Tim að vinna með starfsmanni BFSÍ að bæta þekkingu

Áætlað var að starfsmenn BFSÍ myndu sitja þjálfararáðstefnu World Archery í desember, en það stangaðist á við stofnun aðildarfélags og nokkur önnur verkefni BFSÍ.

Áætlað var að starfsmenn BFSÍ myndu sitja þjálfararáðstefnu World Archery í desember, en það stangaðist á við stofnun aðildarfélags og nokkur önnur verkefni BFSÍ.

Alþjóðlegir dómarar

Tveir Íslenskir dómarar voru með alþjóðleg réttindi á árinu. Guðmundur Örn Guðjónsson WAECJ (Continental Judge), Sara Sigurðardóttir WAYJ (Youth Judge). Samtals eru 13 dómarar á Norðurlöndum með alþjóðleg dómararéttindi (IJ, IJC, CJ og/eða YJ) af þeim eru tveir Íslenskir.

Guðmundur sat dómararáðstefnu í höfuðstöðvum Þýska bogfimisambandsins DSB um áramótin 23/24. Hann hefur haldið sér uppfærðum um nýjustu reglubreytingar og aðferðafræði og séð um að uppfæra menntunarefni BFSÍ

Sara hefur ekki verið virk í dómgæslu í íþróttinni um nokkuð skeið og líklegt að réttindi hennar falli niður fljótlega.



Kynning á nýjum reglum eftir heimsþing á dómararáðstefnu WAE

Afreksstefna og aðgerðaáætlun

Uppfærð afreksstefna BFSÍ var samþykkt á Bogfimiþingi BFSÍ í mars 2023 ásamt kynningu á Aðgerðaáætlun 2021-2024, fáar efnislegar breytingar voru gerðar á afreksstefnunni. Á formannafundi 2024 voru bæði skjölin kynnt. Uppfærð aðgerðaáætlun 2025-2028 verður kynnt á Bogfimiþingi 2025.

2024 var fjórða ár átta ára Afreksstefnunnar og BFSÍ hefur þegar náð flestum markmiðum stefnunnar. Afreksstefna BFSÍ og markmið afreksstefnunnar voru metin sem mjög metnaðarsöm af starfsmanni Afrekssjóðs ÍSÍ við yfirferð stefnunnar fyrir Bogfimiþing 2021 þegar hún var fyrst sett.

Tvær tegundir af markmiðum eru í Afreksstefnu BFSÍ. 1. Markmið sem miðað er á að ná árlega (t.d. X% aukning árlega). 2. Markmið sem á að ná á/fyrir ákveðinn tímaramma (t.d. ná X árangri fyrir X ár). Hér fyrir neðan er hægt að finna samantekt af núverandi markmiðum og stöðu þeirra.

Mælikvarðar á markmiðum í Afreksstefnu BFSÍ (2021-2029 umorðað)

Almennt:

- 5% fjölgun ungra iðkenda árlega / **2021 +76%** / **2022 +11%** / **2023 +33%** / **2024 -13%**
- 5% fjölgun keppenda á ÍM árlega / **2021 -20%** / **2022 -1%** / **2023 -1%** / **2024 2%** (fjölgun er í U-fl öll ár)
- Dómara- og þjálfaranámskeið í boði árlega / **2022 v** / **2023 v** / **2024 v** (alltaf í boði online og í Sviss)
- 2 dómara m/ alþjóðleg réttindi fyrir lok 2024 / **Markmiði náð 2022, réttindi gilda til 2026**
- Áætlun um stoðþjónustu fyrir afreksfólk fyrir lok 2022 / **Markmiði náð 2021 og birt**

Afreksstarf:

- 3 keppendur/lið í topp 16+ í A-mótum 2021-24 / **2021 0** / **2022 12** / **2023 0** / **2024 18** / **(23 kennitölur)**
- 9 keppendur/lið í topp 16+ í A-mótum 2025-28 / **2025 í vinnslu** / **2026** / **2027** / **2028** / **Í vinnslu**
- 1 keppandi í topp 100 á heimslista fyrir lok 2023 / **Markmiði náð 2022 80 sæti**
- 4 keppendur í 100 efstu á heimslista 2021-26 / **Í vinnslu (þarf að endurskoða þessi markmið lið/einst.)**
- 1 keppandi á Evrópuleikum 2023 / **Markmiði náð 1 keppandi vann þátttökurétt á Evrópuleikana 2023**
- 2 keppendur á Evrópuleikum 2027 / **Í vinnslu**
- 4 keppendur í lokakeppni um þátttökurétt á Ólympíuleika 2024 / **Markmiði ekki náð (voru 3)**
- 1 keppandi á Ólympíuleikum 2028 / **Í vinnslu**

Afreksstarf ungmenna:

- 5% fjölgun á NM ungmenna árlega 2021-29 / **2021 +5%** / **2022 -21%** / **2023 +113%** / **2024 +9%**
- 5% fjölgun á ungmenna mótum WA/WAE 2023-29 / **2023 +XX%** / **2024 +XX%**
- 3+ verðlaunahafar á Evrópubikar ungmenna (EBU) 2021-23 / **Markmiði náð 3 verðlaunahafar 2021-2023**
- 5+ keppendur á EBU með verðlaun (T3+) 2024-27 /
- 5+ keppendur í úrslitum topp 16+ HMU/EMU 2021-23 / **Markmiði náð 13 í úrslitum 2021-2023**
- 6+ keppendur á EMU/HMU í úrslitum (T16+) 2024-29 / **Markmiði náð 13 í úrslitum 2021-2023**

Flestum afreksmarkmiðum BFSÍ í afreksstefnunni hefur þegar verið náð. Sem er býsna vel af sér vikið og starfsfólk BFSÍ á hrós skilið fyrir það starf. Markmiðin eru sett hátt til þess að krefjandi sé að náð þeim, en það þýðir líka að öll markmið nást ekki alltaf. Sem dæmi er ÍM þátttaka er rauð, en þar dregur dræm þátttaka á ÍM öldunga tölfræði niður, fjölgun hefur verið að meðaltali 11% á ÍM ungmenna á hverju ári frá 2021.

Stefnt er að því við næstu yfirferð að formfæra markmið í afreksstefnunni svo að þau séu skýrari á tímabilum og auðmælanlegri. Tvær tegundir af markmiðum verða: Endurtekin markmið væru mæld árlega, á 2 ára eða á 4 ára fresti, einkvæm markmið sem verða ekki endurtekin væru mæld við lok skilgreinds tíma. Svo mætti skýra betur aldur, lið, einstaklinga og mælikvarða betur í markmiðum í framtíðinni.

Árangur í landsliðsverkefnum

Miklar breytingar hafa orðið á skilgreiningum á árangri innan ÍSÍ eftir breytingar á reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ 2023. Tekinn var upp nýr árangurskvarði sem flokkar sérsambönd í sex flokka eftir árangri þeirra á síðustu fjórum árum. BFSÍ var 2023 og 2024 flokkað sem Afrekssérsamband II sem er næst hæsta flokkun og sambandið hefur verið á jaðri þess að vera fært upp í Afrekssérsamband I.

Til að ná flokkun sem Afrekssérsamband I eða II þarf árangurinn að nást á móti þar sem eru 40 eða fleiri þátttökubjóðir á síðustu fjórum árum. Því gæti verið að tilfærsla verði á ákveðnum áherslum í afreksstarfi BFSÍ á næstu árum til þess að færa sig nær þeim viðmiðum/markmiðum ASJ.

Flokkun sérsambanda vegna Afrekssjóðs ÍSÍ			
ÁRANGURSKVARÐI			
Afreaks sérsamband	Kvarði	Einstaklingsíþróttir fullorðinsflokkur	Hópiþróttir fullorðinsflokkur
I	100%	Hefur með áunnum þátttökurétti komist í Topp 16 úrslit á HM/EM/ÓL/PL eða áunnið sér þátttökurétt á sterkustu mótardöð í heimi, þar sem eru amk. 40 þátttökubjóðir, á síðustu fjórum árum.	Hefur með áunnum þátttökurétti komist í Topp 16 úrslit á lokamóti HM/EM/ÓL/PL þar sem eru amk. 40 þátttökubjóðir eða náð inná Topp 15% á heimslista viðkomandi alþjóðsér sambands, á síðustu fjórum árum.
II	85%	Hefur með áunnum þátttökurétti komist í Topp 32 úrslit á HM/EM/ÓL/PL eða áunnið sér þátttökurétt á sterkustu mótardöð í Evrópu þar sem eru amk. 40 þátttökubjóðir, á síðustu fjórum árum. Eða hefur unnið til verðlauna á lokamóti HM/EM/ÓL/PL eða sterkustu mótardöð í Evrópu/heimi, án tillits til þátttökuréttar og fjölda þjóða, á síðustu fjórum árum.	Hefur með áunnum þátttökurétti komist í Topp 32 úrslit á lokamóti HM/EM/ÓL/PL þar sem eru amk. 40 þátttökubjóðir, náð inná Topp 30% á heimslista viðkomandi alþjóðsér sambands eða hefur unnið til verðlauna á lokamóti HM/EM/ÓL/PL án tillits til þátttökuréttar og fjölda þjóða, á síðustu fjórum árum.
III	60%	Hefur komist í Topp 32 úrslit á HM/EM/ÓL/PL eða á sterkustu mótardöð í Evrópu/heimi án tillits til þátttökuréttar og fjölda þjóða á síðustu fjórum árum.	Hefur komist í Topp 32 úrslit á lokamóti HM/EM/ÓL/PL án tillits til þátttökuréttar og fjölda þjóða eða náð inná Topp 45% á heimslista viðkomandi alþjóðsér sambands, á síðustu fjórum árum.
IV	50%	Þátttaka í undankeppni síðasta HM eða EM auk þátttöku í minni alþjóðlegum mótum.	Þátttaka í undankeppni síðasta HM eða EM auk þátttöku í minni alþjóðlegum mótum.
V	35%	Veruleg og regluleg þátttaka í minni alþjóðlegum mótum en HM/EM.	Veruleg og regluleg þátttaka í minni alþjóðlegum mótum en HM/EM.
Verkefna sérsamband		Uppfylla ekki skilyrði 13. gr. um Afrekssérsambönd. Áhersla ætti að vera á virka hæfileikamótum auk þátttöku í alþjóðlegu landsliðsstarfi með ungmenni og fullorðna.	

*Ef einstaklingur sem hefur náð afreki skv. árangurskvarða hefur í alþjóðlegri keppni, glíðir afreki á árangurskvarðanum í tvo ár í stað fjögurra.

*Skilgreining Afrekssjóðs á hópiþrótt: Hópiþrótt er alla jafna talin íþrótt þar sem ekki er keppt í einstaklingsgreinum og/eda a.m.k. þrjú leikmenn eru í liði og inná á sama tíma í samennu.

*Þátttaka er alla jafna talin regluleg ef a.m.k. þrjú einstaklingar taka allir þátt í þremur mótum árlega.

*Flokkun sérsambanda skv. árangurskvarða byggir á árangri þeirra á árunum 2020-2023.

Ríkisvaldið er einnig að koma inn með margfalt meira fjármagn og ýmis atriði sem BFSÍ þarf aðlagast að. Sem dæmi eru 60% af verðlaunum á HM/EM/ÓL í bogfimi ekki metin formlega til árangurs að svo stöddu í árangurskvarðanum (liðakeppni). Áætlað er að uppfæra Afrekss stefnu BFSÍ á bogfimiþingi 2027 í samræmi við nýja umhverfið sem ÍSÍ er að skapa og vinna við að skipuleggja allar nýjungarnar er lokið. Það ætti að vera komið á hreint eftir Íþróttþingi ÍSÍ seinni hluta 2025

Í samræmi við uppfærða reglugerð ASJ og núverandi árangurskvarðann er á næstu síðum samantekt yfir síðustu fjögur ár og árangur sem náðst hefur miðað við Afrekssérsamband I og II flokkun (óháð fjölda þjóða).



Keppendur/lið í topp 16 í A landsliðsverkefnum í meistaraflokki (HM/EM/ÓL/EL) 2021-2024

Trissuboga kvenna lið	EM utandyra 2022	9 sæti	40 þátttökuþjóðir
Guðbjörg Reynisdóttir	EM innandyra 2022	5 sæti	30 þátttökuþjóðir
Trissuboga kvenna lið	EM innandyra 2022	7 sæti	30 þátttökuþjóðir
Trissuboga karla lið	EM innandyra 2022	8 sæti	30 þátttökuþjóðir
Sveigboga kvenna lið	EM innandyra 2022	9 sæti	30 þátttökuþjóðir
Sveigboga karla lið	EM innandyra 2022	9 sæti	30 þátttökuþjóðir
Trissuboga kvenna lið	EM utandyra 2024	9 sæti	39 þátttökuþjóðir
Guðbjörg Reynisdóttir	EM innandyra 2024	6 sæti	24 þátttökuþjóðir
Izaar Arnar Þorsteinsson	EM innandyra 2024	9 sæti	24 þátttökuþjóðir
Anna María Alfreðsdóttir	EM innandyra 2024	9 sæti	24 þátttökuþjóðir
Matthildur Magnúsdóttir	EM innandyra 2024	9 sæti	24 þátttökuþjóðir
Ewa Ploszaj	EM innandyra 2024	9 sæti	24 þátttökuþjóðir
Marín Aníta Hilmarsdóttir	EM innandyra 2024	9 sæti	24 þátttökuþjóðir
Valgerður Hjaltested	EM innandyra 2024	9 sæti	24 þátttökuþjóðir
Trissuboga kvenna lið	EM innandyra 2024	3 sæti	24 þátttökuþjóðir
Sveigboga kvenna lið	EM innandyra 2024	4 sæti	24 þátttökuþjóðir
Berboga kvenna lið	EM innandyra 2024	4 sæti	24 þátttökuþjóðir
Berboga karla lið	EM innandyra 2024	4 sæti	24 þátttökuþjóðir
Trissuboga karla lið	EM innandyra 2024	6 sæti	24 þátttökuþjóðir
Sveigboga karla lið	EM innandyra 2024	6 sæti	24 þátttökuþjóðir



Keppendur/lið í 17-32 sæti í A landsliðsverkefnum í meistaraflokki (HM/EM/ÓL/EL) 2021-2024


Anna María Alfreðsdóttir	EM utandyra 2022	17 sæti	40 þátttökuþjóðir
Trissuboga karla lið	EM utandyra 2022	17 sæti	40 þátttökuþjóðir
Sveigboga kvenna lið	EM utandyra 2022	17 sæti	40 þátttökuþjóðir
Trissubogi blandað lið	EM utandyra 2022	17 sæti	40 þátttökuþjóðir
Alfreð Birgisson	EM innandyra 2022	17 sæti	30 þátttökuþjóðir
Albert Ólafsson	EM innandyra 2022	17 sæti	30 þátttökuþjóðir
Gummi Guðjónsson	EM innandyra 2022	17 sæti	30 þátttökuþjóðir
Astrid Daxböck	EM innandyra 2022	17 sæti	30 þátttökuþjóðir
Ewa Ploszaj	EM innandyra 2022	17 sæti	30 þátttökuþjóðir
Sveinbjörg Sumarliðadóttir	EM innandyra 2022	17 sæti	30 þátttökuþjóðir
Trissuboga kvenna lið	HM utandyra 2023	17 sæti	75 þátttökuþjóðir
Trissuboga kvenna lið	EM utandyra 2024	9 sæti	38 þátttökuþjóðir
Sveigboga kvenna lið	EM utandyra 2024	17 sæti	38 þátttökuþjóðir
Trissubogi blandað lið	EM utandyra 2024	17 sæti	38 þátttökuþjóðir
Rakel Arnþórsdóttir	EM innandyra 2024	17 sæti	24 þátttökuþjóðir
Alfreð Birgisson	EM innandyra 2024	17 sæti	24 þátttökuþjóðir
Georg Rúnar Elfarsson	EM innandyra 2024	17 sæti	24 þátttökuþjóðir
Sölvi Óskarsson	EM innandyra 2024	17 sæti	24 þátttökuþjóðir
Sveinn Sveinbjörnsson	EM innandyra 2024	17 sæti	24 þátttökuþjóðir
Astrid Daxböck	EM innandyra 2024	17 sæti	24 þátttökuþjóðir
Dagur Örn Fannarsson	EM innandyra 2024	17 sæti	24 þátttökuþjóðir
Magnús Darri Markússon	EM innandyra 2024	17 sæti	24 þátttökuþjóðir
Oliver Ormar Ingvarsson	EM innandyra 2024	17 sæti	24 þátttökuþjóðir
Astrid Daxböck	EM innandyra 2024	17 sæti	24 þátttökuþjóðir
Haraldur Gústafsson	EM innandyra 2024	17 sæti	24 þátttökuþjóðir



Keppendur/lið í topp 16 í A landsliðsverkefna í U-flokkum (HMU/EMU/ÓLU/ELU) 2021-2024


Anna María Alfreðsdóttir	EM U21 innandyra 2022	4 sæti	30 þátttökuþjóðir
Valgerður Hjaltsted	EM U21 innandyra 2022	5 sæti	30 þátttökuþjóðir
Trissuboga kvenna lið	EM U21 innandyra 2022	5 sæti	30 þátttökuþjóðir
Trissuboga karla lið	EM U21 innandyra 2022	8 sæti	30 þátttökuþjóðir
Trissuboga kvenna lið	EM U21 utandyra 2022	5 sæti	30 þátttökuþjóðir
Sveigboga kvenna lið	EM U21 utandyra 2022	9 sæti	30 þátttökuþjóðir
Sveigbogi blandað lið	EM U21 utandyra 2022	9 sæti	30 þátttökuþjóðir
Lóa Margrét Hauksdóttir	EM U21 innandyra 2024	2 sæti	24 þátttökuþjóðir
Baldur Freyr Árnason	EM U21 innandyra 2024	3 sæti	24 þátttökuþjóðir
Ragnar Smári Jónasson	EM U21 innandyra 2024	6 sæti	24 þátttökuþjóðir
Heba Róbertsdóttir	EM U21 innandyra 2024	7 sæti	24 þátttökuþjóðir
Auðunn Andri Jóhannesson	EM U21 innandyra 2024	7 sæti	24 þátttökuþjóðir
Maria Kozak	EM U21 innandyra 2024	8 sæti	24 þátttökuþjóðir
Þórdís Unnur Bjarkadóttir	EM U21 innandyra 2024	9 sæti	24 þátttökuþjóðir
Berboga karla lið	EM U21 innandyra 2024	1 sæti	24 þátttökuþjóðir
Berboga kvenna lið	EM U21 innandyra 2024	2 sæti	24 þátttökuþjóðir
Trissuboga kvenna lið	EM U21 innandyra 2024	5 sæti	24 þátttökuþjóðir
Trissuboga karla lið	EM U21 innandyra 2024	5 sæti	24 þátttökuþjóðir
Sveigboga kvenna lið	EM U21 innandyra 2024	5 sæti	24 þátttökuþjóðir
Þórdís Unnur Bjarkadóttir	EM U21 utandyra 2024	9 sæti	38 þátttökuþjóðir
Trissuboga kvenna lið	EM U21 utandyra 2024	6 sæti	38 þátttökuþjóðir
Trissubogi blandað lið	EM U21 utandyra 2024	9 sæti	38 þátttökuþjóðir





Afrekslistar

Afrekslistar í bogfimi eru margir enda margar íþróttagreinir og keppnisgreinar í boði. Samtals eru rúmlega 60 „afrekslistar“ skipt eftir íþróttagrein/keppnisgrein/liði/einstaklingi/kyni/fötlnun/aldri/viðburðum o.fl. Til dæmis heimslistar, heimsálflistar, World Series eða World Cup heimslistar. Aðeins eru gefin stig á afrekslista til þeirra sem komast áfram eftir undankeppni á alþjóðlegum stórmótum s.s. HM/EM, World Cup/Series og heimsálfu-bikarmótum, aðrir fá engin stig. Stig fyrnast almennt á 1-2 ára fresti og listarnir breytast því hratt.




Heimslisti og Evrópulisti í utandyra markbogfimi sveigboga og trissuboga, væri hægt að horfa á sem „megin heimslista“ í bogfimi. Þá er hægt að finna á vefsíðu World Archery með því að [smella hér](#). Fyrir ofan er hægt að finna samantekt af efsta einstaklingi og efsta liði Íslands á þeim megin heims- og Evrópulistum. Gott gengi hefur verið í liðakeppni hjá Íslandi á síðustu tveim árum, en ekki gengið eins vel í einstaklingskeppni.

Ýmis tölfræði

Á síðustu síðum ársskýrslunnar er að finna samantekt um langtíma þróun og stöðu Íslands, í ýmsum tölfræðilegum þáttum. Sem sýnir áhugaverð mælanleg sjónarhorn á íþróttinni. Staða í töflunum miðast almennt við stöðu um áramót. (Fatlaðir alþjóðlega eru ekki í tölfræði BFSÍ, þar sem þátttaka og árangur þar fellur undir ÍF)


Iðkendur í bogfimi innan aðildarfélaga BFSÍ - Archers in Clubs

■ Samtals/Total




Iðkendur U18 (17 ára og yngri) í bogfimi - Archers in Clubs U18

■ Samtals/Total




Iðkendur fullorðnir (18 ára+) í bogfimi - Archers in Clubs 18+

■ Samtals/Total




Iðkendur í bogfimi innan aðildarfélaga BFSÍ - Archers in Clubs

Konur/Women




Iðkendur U18 (17 ára og yngri) í bogfimi - Archers in Clubs U18

Konur/Women




Iðkendur fullorðnir (18 ára+) í bogfimi - Archers in Clubs 18+

Konur/Women




Iðkendur í bogfimi innan aðildarfélaganna BFSÍ - Archers in Clubs

■ Karlar/Men




Iðkendur U18 (17 ára og yngri) í bogfimi - Archers in Clubs U18

■ Karlar/Men




Iðkendur fullorðnir (18 ára+) í bogfimi - Archers in Clubs 18+

■ Karlar/Men




Allar niðurstöður landsliðsverkefni samtals - All NT team&individual results

■ Í undankeppni
 ■ Framhaldspátttaka
 ■ Topp 32
 ■ Topp 16
 ■ Topp 8
 ■ Unnu til verðlauna




Einstaklings niðurstöður landsliðsverkefni samtals - Individual results NT total

■ Í undankeppni
 ■ Framhaldspátttaka
 ■ Topp 32
 ■ Topp 16
 ■ Topp 8
 ■ Unnu til verðlauna




Liða niðurstöður landsliðsverkefni samtals - Team results national team total


■ Í undankeppni
 ■ Framhaldspátttaka
 ■ Topp 32
 ■ Topp 16
 ■ Topp 8
 ■ Unnu til verðlauna




Allar niðurstöður A landsliðsverkefni - All NT results team/indv. WC/EC/OL/EG



Einstaklings niðurstöður A landsliðsverkefni - Individual results NT WC/EC/OL/EG




Liða niðurstöður A landsliðsverkefni - Team results NT WC/EC/OL/EG




Allar niðurstöður B+ landsliðsverkefni HMU/EMU - All NT results WYC/EYC/YOL

■ Í undankeppni
 ■ Framhaldspátttaka
 ■ Topp 32
 ■ Topp 16
 ■ Topp 8
 ■ Unnu til verðlauna




Einstaklings niðurstöður B+ landsliðsverkefni - Individual results NT WYC/EYC/YOL

■ Í undankeppni
 ■ Framhaldspátttaka
 ■ Topp 32
 ■ Topp 16
 ■ Topp 8
 ■ Unnu til verðlauna




Liða niðurstöður B+ landsliðsverkefni - Team results NT WYC/EYC/YOL

■ Í undankeppni
 ■ Framhaldspátttaka
 ■ Topp 32
 ■ Topp 16
 ■ Topp 8
 ■ Unnu til verðlauna




Allar niðurstöður B landsliðsverkefni HB/EB - All NT results WCUP/EGP/EYCUP/etc

■ Í undankeppni
 ■ Framhaldspátttaka
 ■ Topp 32
 ■ Topp 16
 ■ Topp 8
 ■ Unnu til verðlauna




Einstaklings niðurstöður B landsliðsverkefni - Indiv. results NT WCUP/EGP/EYC/etc

■ Í undankeppni
 ■ Framhaldspátttaka
 ■ Topp 32
 ■ Topp 16
 ■ Topp 8
 ■ Unnu til verðlauna




Liða niðurstöður B landsliðsverkefni - Team results NT WCUP/EGP/EYC/etc

■ Í undankeppni
 ■ Framhaldspátttaka
 ■ Topp 32
 ■ Topp 16
 ■ Topp 8
 ■ Unnu til verðlauna




Allar niðurstöður C landsliðsverkefni NUM/V-Cup etc. - All NT results other events

■ Í undankeppni
 ■ Framhaldspátttaka
 ■ Topp 32
 ■ Topp 16
 ■ Topp 8
 ■ Unnu til verðlauna




Einstaklings niðurstöður C landsliðsverkefni - Individual results NT Other events




■ Í undankeppni
 ■ Framhaldspátttaka
 ■ Topp 32
 ■ Topp 16
 ■ Topp 8
 ■ Unnu til verðlauna




Liða niðurstöður C landsliðsverkefni - Team results NT Other events

■ Í undankeppni
 ■ Framhaldspátttaka
 ■ Topp 32
 ■ Topp 16
 ■ Topp 8
 ■ Unnu til verðlauna







Íslandsmet eftir keppnisgrein - National records by division




Íslandsmet eftir íþróttagrein - National records by dicipline




Íslandsmet eftir aldursflokum - National records by age class




Kynjahlutföll innan BFSÍ - Gender split within WAI - 2022



Kynjahlutföll innan BFSÍ - Gender split within WAI - 2023




Kynjahlutföll innan BFSÍ - Gender split within WAI - 2024



Myndirnar hér fyrir neðan sýna samanburð milli þjóða í samfélagsmiðla skýrslu World Archery fyrir árið 2023, sem var birt árið 2024. Heildar skýrsluna er hægt að lesa með því að [smella hér](#).



Listi yfir 10 landsamböndin sem eru með flesta fylgjendur og mesta vöxtinn af fylgjendum á öllum samfélagsmiðlum árið 2023 (Facebook, Youtube, Instagram, X(Twitter)). Ísland nær ekki inn á þann lista.



Ísland endaði í 5 sæti í heildar áhorfi á myndskaiðum yfir alla samfélagsmiðla í heild 2023, af öllum landsamböndum í íþróttinni í heild sinni. Alveg ótrúlegt fyrir smáþjóð.

Top 10 National Federations





Total Fans		Growth	
National Federation	Total Fans	National Federation	Growth
 South Korea	34.9k	 France	1.9k
 France	19.1k	 Russian Federation	1.9k
 United States of America	14.8k	 Great Britain & Northern Ireland	1.4k
 Italy	11.6k	 United States of America	1.4k
 Spain	9.2k	 Italy	1.0k
 Great Britain & Northern Ireland	7.3k	 South Korea	900
 Russian Federation	6.0k	 Spain	830
 Indonesia	2.6k	 Germany	690
 Turkey	2.6k	 Iceland	587
 Germany	2.1k	 Argentina	565

redbull global research, content & creative agency

40

Ísland er í 9 sæti í vexti allra landsambanda World Archery á Youtube og mun líklega komast inn á topp 10 í fjölda aðdáenda á næstu árum miðað við vöxtinn.

Top 10 National Federations

Engagements		Video Views	
National Federation	Engagements	National Federation	Video Views
 South Korea	15.4k	 South Korea	522.1k
 Russian Federation	6.1k	 Russian Federation	276.2k
 Great Britain & Northern Ireland	3.8k	 Great Britain & Northern Ireland	224.5k
 Iceland	2.5k	 Iceland	189.7k
 United States of America	2.1k	 Italy	160.9k
 Italy	1.5k	 France	137.1k
 France	1.4k	 United States of America	129.0k
 Spain	1.3k	 Spain	123.3k
 Malaysia	910	 Malaysia	59.7k
 Germany	748	 Germany	19.7k


redbull global research, content & creative agency

41


Ísland er í fjórða sæti í heildina í þátttöku (engagement) og í fjölda áhorfa í Youtube hluta samfélagsmiðla-skýrslu alþjóðabogfimisambandsins 2023.

Hreint ótrúlegur árangur og vel af sér vikið hjá starfsfólki BFSÍ. BFSÍ er 4 ára gamalt sérsamband með 2 starfsmenn, takmarkaðan tíma og lítið fjármagn milli handanna, að fjalla um smáþjóðina Ísland. Að Ísland skuli vera í topp 10 yfirhöfuð í einhverju í íþróttinni er í raun ótrúlegt, því síður í samburði við landsambönd sem eru sum hver með fleiri starfsmenn en ÍSÍ og KSÍ samanlagt, og með áhrundraða reynslu.

Youtube Áskrifendur Öll Sér sambönd ÍSÍ 2024




Facebook Áskrifendur Sér sambanda ÍSÍ 2024



HSÍ með um 17000 og KSÍ með um 125000 sem eru ekki á lista

Instagram Áskrifendur Sér sambanda ÍSÍ 2024



HSÍ með um 18700 og KSÍ með um 85300 sem eru ekki á lista